

Sjálfsvíg og sveitasamfélag

Aðdragandi — aðferðir — afleiðingar

Lengi hefur verið viðurkennt að sjálfsvíg eigi sér ekki síður félags- og menningarlegar orsakir en heilsufarslegar, sálfræðilegar eða lífeðlisfræðilegar. Því er gagnlegt að skoða þau sem afleiðingar af samspili félagslegra aðstæðna og andlegrar líðanar.¹ Í þessari grein verður gengið út frá þessum skilningi og leitast við að varpa ljósi á sjálfsvíg hér á landi á nítjándu öld út frá þjóðháttfræðilegu og sögulegu sjónarhorni.

Sjálfsvíg voru langt í frá hversdagsleg atvik. Þvert á móti rufu þau venjubundna hrynjandi í lífi þeirra sem næst stóðu um lengri eða skemmri tíma. Eigi að síður bregða þau ljósi á lífshætti fólks til hversdags, sem og þær aðstæður og kjör sem fólk bjó við. Rannsókn á sjálfsvígum gefur því sérstætt en mikilvægt sjónarhorn á samfélagið. Hér verður þess freistað að bregða í senn upp yfirlitsmynd af sjálfsvígum á ofangreindum tíma í félags- og menningarlegu umhverfi þeirra en jafnframt að leyfa einstökum tilvikum að koma betur fram. Kannað verður hvað ráða megi af heimildum um aðdraganda og umhverfi sjálfsvíga; hvaða aðferðum fólk beitti við þau og hverjar afleiðingar sjálfsvíga eða sjálfsvígstilraunar voru: hvert hlutskipti þeirra var sem lifðu af og hvernig brugðist var við sjálfsvígunum.

Ástæðurnar fyrir að nítjándu öldin varð fyrir valinu eru einkum tvær. Áhugi höfundar stóð til að kanna viðfangsefnið meðan íslenska sveitasamfélagið stóð enn föstum fótum í landinu, eins og raun var á langt fram eftir nítjándu öld.² Einnig urðu mikil straumhvörf í afstöðu ríkis og kirkju til sjálfsvíga á öldinni. Fyrir gildistöku nýrra hegningarlaga 1. ágúst 1870 giltu ákvæði Dönsku og Norsku laga Kristjáns V (1670–1699) frá 1683 og 1687 en í 21. grein, 6. kapitula, 6. bók þeirra segir að hver sem fyrirkomi sér sjálfur hafi fyrirgert eignarhlut sínum til konungs og megi hvorki grafast í kirkju né kirkjugarði nema viðkomandi hafi gert það í (geð-)sjúkdómi eða sturlun.³ Ákvæðið um greftrunina var

¹ Þetta viðhorf má rekja til bókarinnar *Le Suicide* eftir Emile Durkheim (1858–1917) sem kom út 1897. Guðrún Eggertsdóttir, *Sjálfsvíg! ... hvað svo? Sálgacla eftir sjálfsvíg*, [án útgáfustaðar]: Muninn bókaútgáfa og Íslendingasagnaútgáfan, 1997, bls. 18–21.

² Þéttbýlismyndun hér á landi hófst að marki upp úr 1860 — og þá sökum innri spennu í sveitasamfélaginu — og varð örari eftir 1880. Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*, Íslensk menning, Ritröð ReykjavíkurAkademíunnar og Hins íslenska bókmenntafélags, ritstj. Adolf Friðriksson o.fl., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2007, bls. 105–109.

³ Lagagreinin var orðuð svo: „Den som sig selv ombringer have sin Hovedlod forbrut til sit Herskab og maa ej begravis enten i Kirken eller paa Kirkegaard med mindre hand gjør det i Sygdom og Raseri.“ Greinin er samhljóða í dönsku og norsku lögunum en í þau síðarnefndu var oftast vísað í sjálfsvígisdómum hérlandis enda voru gefnar út þær tilskipanir á átjándu öld að eftir þeim skyldi farið hér, a.m.k. þegar ekki voru til ákvæði í íslenskum lögum til að fara eftir. Hliðstæð ráðstöfun var ekki gerð varðandi dönsku lögin. *Kong Christian V's Norske Lov*, 1687, sótt 28. október 2024 af

mjög samhljóða fyrirmælum í kristinrétti Árna Þorlákssonar (1237–1298) Skálholtsbiskups.⁴ Í nýju hegningarlögunum árið 1870 var aftur á móti ekki að finna nein viðurlög við sjálfsvígum og engin sérákvæði voru þar sett um greftrun þeirra sem tóku eigið líf.⁵ Þar með var hinn „sjálfvaldi“ dauði bæði sekulariseraður og einstaklingsvæddur hvað hið opinbera áhrærði, hvaða breytingum sem almenningssálitið hefur svo tekið.⁶ Þar með má segja að miðöldum hafi lokið í þessu tilliti og nútíminn gengið í garð.

Af fyrri rannsóknum um sjálfsvíg hér á landi á fyrri öldum ber sérstaklega að nefna greinar Hrafnkels Lárussonar um viðhorf til sjálfsvíga á sautjándu og átjándu öld og höfundar þessarar greinar um sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld.⁷

Í greininni er byggt á marghátuðum heimildum. Má þar nefna sagnarit frá nítjándu öld og þá einkum *Annál nítjándu aldar* eftir Pétur Guðmundsson (1832–1902) prest í Grímsey og landsmálablöð frá tímabilinu en ritstjórar þeirra voru iðnir við að birta fregnir af sjálfsvígum.⁸ Þá hafa dómabækur sýslumanna reynst mikilvægar heimildir í þessu sambandi en í kjölfar sjálfsvíga bar að halda réttarpróf sem upplýsa skyldu um helstu málsatvik, eins og fjallað verður um undir lok greinarinnar. Prófunum var m.a. ætlað að skýra aðstæður hinna látnu í aðdraganda sjálfsvíganna og þær ástæður sem kunna að hafa hrundið þeim til verknaðarins. Jafnframt varpa bækurnar ljósi á daglegt líf á sveitaheimilum á nítjándu öld með einstökum hætti.

Alla þessa heimildaflokka verður að umgangast með varúð. Upplýsingar í sagnaritunum eru knappastar og þar er oft lítils annars getið en kyns þess sem í hlut átti og hvaða aðferð hafi verið beitt. Þannig segir t.d. í *Annál nítjándu aldar* undir árinu 1809: „Maður nokkur, Björn að nafni, hengdi sig í hesthúsi á Sólheimum í Mýrdal.“⁹ Sagnaritunum sleppir um það leyti sem landsmálablöðin hófu göngu sína, að *Annálnum* undanskildum. Eftir það urðu landsmálablöðin helsta heimild við ritun *Annálsins* og urðu upplýsingarnar þá fyllri. Þó verður hafa hugfast að fréttaplutningur var ekki alltaf traustur og ýmislegt gat skolast til á langri leið frá vettvangi að útgáfustöðum blaðanna. Þegar fleiri en eitt blað gat sama atviks bar þeim ekki alltaf saman. Þá er oft ógerlegt að meta hvert þeirra fór næst sanni. Á hinn bóginn sýnir þetta að blöðin hafa þó ekki alltaf étið hvert upp eftir öðru heldur haft sjálfstæðar efnisuppsprettur.

Í flestum tilvikum má gera ráð fyrir að í dómabókunum sé að finna traustari upplýsingar en í blöðunum. Þær eru þó ekki hlutlægar heimildir heldur háðar

<https://www.hf.uio.no/iakh/tjenester/kunnskap/samlinger/tingbok/lover-reskripter/chr5web>. Sjá og: *Kong Christian Den Femtes Danske Lov*, [1683], bls. 897, sótt 3. desember 2024 af

<https://bjoerna.dk/DL-1683-internet.pdf>; Lýður Björnsson, „18. öldin“, *Saga Íslands* 8, ritstj. Sigurður Líndal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2006, bls. 1–289, hér 22.

⁴ Kristinréttur Árna Þorlákssonar (11. Um gröft í kirkjugarði), *is.wikisource.org*, sótt 8. apríl 2025 af https://is.wikisource.org/wiki/J%C3%A1rns%C3%AD%C3%B0a_og_kristin%C3%A9ttur_%C3%81rna_%C3%9Eorl%C3%A1kssonar/Kristin%C3%A9ttur_%C3%81rna_%C3%9Eorl%C3%A1kssonar.

⁵ Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld: Tilraun til þjóðhátta- og sagnfræðilegrar greiningar“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 59/2024, bls. 19–47, hér 24–29.

⁶ Færa má rök að því að almenningur hafi verið lengi að átta sig á stefnubreytingunni og að fólk hafi orðið dómharðara í garð þeirra sem tóku líf sitt eftir því sem leið á nítjándu öld. Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 27–29.

⁷ Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, *Ritið* 2/2014, bls. 31–54; Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 20–54.

⁸ Sama heimild, bls. 29–35.

⁹ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 1, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1912–1922, bls. 123.

ýmsum annmörkum og er mikilvægt að setja upplýsingar þeirra í rétt samhengi.¹⁰ Það gat t.d. þjónað hagsmunum þeirra sem mættu fyrir rétt að hagræða aðstæðum sér í vil, t.d. með því að draga úr kynnum sínum við fólk sem tekið hafði líf sitt og samskiptum við það. Mikilvægt var þó að vitnisburðurinn væri trúverðugur og alltaf var viðbúið að vitnið yrði að vinna að honum eið.¹¹ Mörg kunna að hafa látið sér svardaga í léttu rúmi liggja. Fyrir öðrum var hann dauðans alvara, líkt og fram kemur í greininni. Þá eru vitnisburðirnir sem fyrir verða í dómabókunum ekki alfarið mótaðir af vitnunum sjálfum heldur hafa bæði sýslumennirnir sem önnuðust réttarprófin og skrifarar þeirra komið að mótun textans, auk þess sem opinber fyrirmæli og venjubundin aðferð hvers sýslumanns við rannsókn mála hafði sín áhrif á frásöguna.¹² Skráningu vitnisburðarins á staðnum, upplestri á honum og staðfestingu vitnisins var þó ætlað að tryggja að vitnið væri samþykkt hinni endanlegu gerð. Loks verður að hafa í huga að í dómabókum er um þvingaðan vitnisburð eða eftir atvikum játningu að ræða með þeim takmörkunum sem það setur.¹³

Upplýsingar um sjálfsvíg sem bar til að kvöldi pálmásunnudags 1870 varpa ljósi á þann mun sem fram getur komið milli blaðafregna og dómabókar. Þetta kvöld skar sig á háls einn af vinnumönnum Skúla Thorarensen (1805–1872) á Móciðarhvoli á Rangárvöllum, fyrrv. héraðslæknis í austurhluta Suðurlands. Atvikið gerðist síðla kvölds er heimafólk var flest gengið til náða nema þjónusta mannsins sem kann að hafa vakað eftir honum. Í Þjóðólfi segir að maðurinn hafi farið út í smíðahús síðar um nóttina og skorið sig þar. Tók Pétur Guðmundsson þá sögu upp í *Annál níjándu aldar*.¹⁴ Við réttarpróf var Skúli eina vitnið og lýsti hann málavöxtum á annan veg en þann sem Pétur greinir frá. Hann kvað vinnumanninn hafa deilt herbergi með öðrum karli sem sofnaður var þegar hinn látni kom heim síðla kvölds. Sá vaknaði ekki fyrr en hann heyrði dynk og sá þá þegar að [NN] hafði skorið sig á háls með hnífi sem notaður var við smíðar og til að raka ull og var geymdur uppi við í herberginu án nokkurra varna. Sá látni hafði verið þungt haldinn af geðveiki dagana áður en atvikið varð.¹⁵ Í stórum dráttum ber frásögunum vel saman. Munurinn á atvikalýsingunum breytti heldur engu um framvindu málsins. Vitnisburður Skúla virðist þó vera hastarlegri fyrir heimili hans en ef maðurinn hefði laumast afsíðis að næturlagi án þess að nokkur yrði þess var. Skúli gerði meira úr veikindum mannsins en gert var í Þjóðólfi, a.m.k. einni heimamanneskju var kunnugt um komu

¹⁰ Vilhelm Vilhelmsson, „Stílfært og sett í samhengi: Um heimildargildi vitnisburða í réttarheimildum“, *Saga* 53:1/2015, bls. 15–45, hér 18.

¹¹ Eiðurinn gat hljóðað svo: „Eg [NN] sver þann eið og seigi það almáttugum Guði og þessum rétti, að allt hvað eg hefi í dag vitnað hér fyrir réttinum og hefur spurt verið viðvíkjandi dauðsmáta [NN], hef eg satt sagt og eingu af leint og engu við aukið. Lofsamlega hjálpi mér Guð og hans heilaga Orð.“ Vitnin sóru með þremur fingrum hægri handar upp lyftum. *Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)*. Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. GA/4-1. Dómabók Snæfellsness 1807–1814, bls. 118. — Bæri vitnum vel saman og ekkert benti til að frásögn þeirra væri ótrúverðug gat sýslumaður komist að þeirri raun að væri bæði „ónauðsynlegt og ótilhlíðilegt“ að krefjast svardaga. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu. GA/1-4. Dóma- og þingbók Strandasýslu 1850–1863, ónúmeruð.

¹² Vilhelm Vilhelmsson, „Stílfært og sett í samhengi“, bls. 22–30, 34–35, 43–44. Sjá: Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives: Privacy, Intimacy, and Culture in Iceland 19th-Century Rural Homes“, *Power and Culture: New Perspectives on Spatiality in European History*, ritstj. Pieter Francois o.fl., Písa: Plus-Pisa University Press, 2008, bls. 109–124, hér 112, 114.

¹³ Vilhelm Vilhelmsson, „Stílfært og sett í samhengi“, bls. 17.

¹⁴ Pjetur Guðmundsson, *Annál níjándu aldar* 4, Akureyri: Bókaútgáfan Edda/Árni Bjarnarson, 1942–1954, bls. 14; „Dánir út úr ofdrykkju; ráðinn sjálfum sér bani“, *Þjóðólfur* 10. maí 1870, bls. 112.

¹⁵ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárþings 1869–1872, bls. 89–91.

mannsins og ástand og að hættulegt eggjárn lá á glámbekk í svefnherbergi hans. Því virðist sú lýsing vera traustari en hin stutta og hliðraða frétt Þjóðólfs.

Umgjörð

Sveitaheimilið og nánasta umhverfi þess var vettvangur langflestra sjálfsvíga á níttjándu öld enda var það umgjörð um gjörvallt líf fólks hvort sem um störf, hvíld, andlega iðju eða félagsleg samskipti var að ræða.¹⁶ Það voru einkum ver-
menn sem dvöldu annars staðar hluta úr ári og sjálfsvíg komu einnig fyrir í ver-
stöðvum.¹⁷

Vegna hins fjölþætta hlutverks heimilisins voru til um það margs konar opin-
ber fyrirmæli, svo sem tilskipun um húsaga frá miðri átjándu öld. Í henni var
kveðið á um skyldur barna og hjúa sem einkum fólust í iðni og hlýðni. Jafnframt
styrkti tilskipunin stöðu þessara hópa með því að setja húsbóndavaldi bænda
skorður hvað varðaði valdbeitingu og kröfuhörku.¹⁸ Þegar á árnýöld hafði verið
þróað hér kerfi, líkt og víðar í álfunni, sem miðaði að síaukinni söfnun upplýs-
inga um þegnana, eftirliti með dvalarstað þeirra, ferðum, hegðun og háttum, sem
og kerfisbundinni innrætingu ákveðinnar hugmyndafræði sem tók til hugarfars,
gilda og dyggða. Hér á landi hvíldi kerfið á hugmyndaheimi og samfélagssýn
lúthersku siðbótarinnar á sextándu öld og síðar píetsímans um miðja átjándu
öld.¹⁹ Vistarbandið, þ.e. sú skylda fólks að ráðast í ársvist á ákveðnu heimili, var
virkt tæki til að ná þessum markmiðum. Vistarskyldan var langt í frá séríslenskt
fyrirbæri eins og oft hefur verið látið að liggja.²⁰ Hún, ásamt löggjöf um hús-
mennsku og lausamennsku sem sett var á síðustu áratugum níttjándu aldar, var
heldur ekki fyrst og fremst hugsuð til að standa vörð um hagsmuni bænda með
því að tryggja þeim undirgefín hjú á góðum kjörum. Vistarskyldunni var ekki
síður ætlað að standa vörð um ofangreint kerfi, sem og félagsgerð sveitasam-
félagsins.²¹ Með vistarbandinu fékk hið stigskipta sveitaheimili, undir stjórn hús-
bændanna, mikilvægt hlutverk í þjóðaruppeldinu. En litið var svo á að vinnu-
mennska í þjónustu reyndra húsbænda væri mikilvægur undirbúningur undir
sjálfstæðan búskap í framtíðinni.²²

Húsbóndavaldið tók ekki aðeins til daglegra starfa þar sem bóndinn stýrði
almennum bústörfum vinnumanna utanhúss en húsfreyjan störfum vinnu-
kvenna innanstokks heldur náði það líka yfir fræðslu og andlega mótun sem

¹⁶ Þó var til að fólk tæki líf sitt á faraldsfæti. Snemmsumars 1818 gerðist það t.d. að „einhver [...] aðvífandi, ókunnur maður“ sem ekki var fær um að gera neina grein fyrir sér skaut upp kolli á bæjum suður við Hvítá í Borgarfirði og var þar í reiðileysi uns hann „fargað lífi sínu með hengingu“ í Ferjukoti. *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu*. GA/1-3. Dóma- og þingbók 1816–1835, bls. 244–248.

¹⁷ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu*. GA/4-1. Dómabók Snæfellsnessýslu 1807–1814, bls. 111–119.

¹⁸ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristní á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 316–319.

¹⁹ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 51–163. Siðbót merkir hér kirkjugagnrýni og umbreytingarhugmyndir Lúthers og annarra siðbótarmanna á sextándu öld til aðgreiningar frá siðaskiptum (réttarfarslegt hugtak) og siðbreytingu (félags- og menningarsögulegt hugtak). Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Hugleiðing um heiti og hugtök í siðaskiptarannsókn“, *Ritið* 3/2014, bls. 191–229.

²⁰ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 51–52.

²¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 102–105.

²² Sama rit, bls. 104; Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, bls. 60.

fram fór á kvöldvökum og við húslestra. Þar valdi húsbóndinn efnið sem lesið var eða flutt en úrval lesefnis óx eftir því sem leið á öldina með aukinni útgáfustarfsemi og síðar tilkomu lestrarfélaga.²³ Vissulega gat hann falið öðrum lestur, einkum á vökunni, oftast vinnumanni, barni sem vaxið var úr grasi eða jafnvel aðvífandi gesti ef hann var annálaður upplesari, sagna- eða kvæðamaður. Á stöku bæjum las þó húsfreyjan.²⁴ Mótunaráhrif sveitaheimilanna voru vissulega mismikil og fóru þau að verulegu leyti eftir burðum húsbændanna en jafnframt stærð heimilanna og heimilisbragnum. Yfirvöld létu sér þó annnt um að húsbændur ræktu þessar skyldur sínar og var litið eftir því við húsvitjanir presta sem fram áttu að fara a.m.k. árlega.²⁵

Líf og störf á sveitaheimilum á nítjándu öld einkenndust af fastri sameiginlegri hrynjandi bæði eftir árstíðum og innan hvers sólarhrings. Þá var verkaskipting oftast í föstum skordum. Megineinkenni hennar voru að karlar unnu útistörf en konur störfuðu aftur á móti frekar við innanhússverk. Þær gengu þó líka til útiverka eftir þörfum, t.d. um heyannir eða þegar karlar fóru í ver. Þá var verkaskipting líka nokkur milli einstaklinga, sumir karlar önnuðust fremur fjárvörslu og gegningar í fjárhúsum en fjósi, enn aðrir önnuðust geldfé á beitarhúsum fjarri bæ. Af þessu leiðir að karlar voru frekar einir síns liðs en konur í útihúsum og heygörðum yfir veturinn eða stóðu jafnvel einir yfir fé fjarri öðrum. Þar gátu þeir auðveldlega leitað færis ef þeir stríddu við ágeng sjálfsvígisáform. Til dæmis um slíkt má nefna að vinnumaður á Reiðarvatni á Rangárvöllum hafði boðist til að leita hrossa á útigangi fyrir húsbónda sinn. Var hann léttur í skapi er hann fór en hafði áður verið þegjandalegri en hann átti vanda til. Hann kom ekki heim um kvöldið en talið var að hann hefði gist hjá foreldrum sínum. Daginn eftir fann vinnumaður af sama bæ hann hengdan í trefli sínum í beitarhúsi.²⁶ Á fjölmennari býlum þar sem konur voru margar hafa þær líka átt erfiðara um vik í þessu efni en á smærri heimilum þar sem þær voru oftast einar. Vissulega gátu konur þó líka verið einar við verk. T.d. sátu ungmenni af báðum kynjum oft einsömum yfir kvíaám á sumrin. Á sumrum gekk fólk svo saman til heyverka og átti því erfiðara með að skapa sér persónulegt svigrúm en á veturna.

Eftir að dagsverki var lokið var baðstofan sameiginlegur vettvangur alls heimilisfólksins þótt til væri að húsbændur eða annað heimilisfólk, einkum það sem forréttinda naut, svæfi í sérstökum „húsum“, þ.e. afþjáljuðum herbergjum, við enda alrýmisins eða annars staðar í bæjarhúsunum.²⁷ Það heyrði því til undantekninga ef fólk hafði afdrep eða einkarými er gæfi því verulegt einstaklingsbundið næði.²⁸

²³ Jón Jónsson, „Lestrarfélög fyrir almenning“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson o.fl., Sagnfræðirannsóknir/Studia historica 18, Reykjavík: Háskólaútgáfan 2003, bls. 171–193; Loftur Guttormsson, „Lestrarhættir og bókmenning“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930: Ritað mál, menntun og félagsbreyfingar*, ritstj. Ingi Sigurðsson o.fl., Sagnfræðirannsóknir/Studia historica 18, Reykjavík: Háskólaútgáfan 2003, bls. 195–214; Hrafnkell Lárusson, *Ljðræði í mótun*, Reykjavík: Sögufélag, 2024, bls. 133–140.

²⁴ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 108–111.

²⁵ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning 5*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 282–292; Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 141–143.

²⁶ Þf. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/6-1. Dóma- og þingbók Rangárþings 1869–1872, bls. 51–52.

²⁷ Hjörleifur Stefánsson, *Af jörðu: Íslensk torfhús*, Reykjavík: Crymogea, Þjóðminjasafn Íslands, 2013, bls. 70–73.

²⁸ Þó var vissulega til að fólk banaði sér í baðstofum og þá oftast í rúminu. Áttu þá sjúklingar í hlut. Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar 3*, Akureyri: Hallgr. Pjetursson og Bókauútgáfan Edda, 1931–1941, bls. 160–161; „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 23. ágúst 1893, bls. 160.

Ekki þótti eðlilegt að fólk færi út að næturlagi nema brýn erindi krefðust. Lok dagsins fóru enda víða fram með föstu atferli, trúarlega mótuðu, og þótti ekki eðlilegt að vera á stjái eftir að það hafði verið haft um hönd. Heimilisfólk gekk oftast samtímis til hvílu. Víða var beðist fyrir meðan fólk afklæddist og gekk til náða. Áður en það var gert var bæjardyrnum lokað. Krossuðu margir yfir hurðina og „innsigluðu“ eða helguðu þar með bæinn fyrir nóttina.²⁹ Líta má svo á að það hafi stappað nærri helgisþjöllum að yfirgefa baðstofuna og fara út eftir það. Kallaði slíkt á athygli og vakti jafnvel grunsemdir. Margir deildu líka rúmi með öðrum. Öll fótaferð var því torveld og illa séð eftir að lagst var fyrir. Notkun næturgagna var og almenn og þurfti fólk því jafnvel ekki að ganga út nauðsynja sinna vegna. Allnokkur dæmi hafa þó fundist um fólk sem hvarf úr rúmunum sínum að næturlagi. Fannst það í sumum tilvikum örent í nágrenni bæjarins að morgni og með einhverjum þeim ummerkjum að hægt var að ráða í hvað gerst hafði.³⁰

Þegar horft er til þess mikla návígis sem þannig ríkti á sveitaheimilum mestan hluta sólarhringsins er ljóst að einstaklingsbundnu svigrúmi fólks voru miklar skorður settar.³¹ Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur hefur þó sýnt fram á að fólk hafði ýmsa möguleika til að skapa sér persónulegt rými í baðstofunni og þá á rúmi sínu eftir að hið sameiginlega vinnuljós hafði verið slökkt. Þar gat það farið sínu fram án þess að önnur sem í baðstofunni dvöldu hefðu afskipti af því.³²

Engin regla er heldur án undantekninga og síst ef hún á við um eins almennt efni og háttarlag fólks að næturlagi. Það var t.a.m. vandi aldraðs uppgjafarþóna austur á Hofi í Flateyjarðal að vera á ferli um bæinn jafnt að nóttu sem degi og var heimafólk orðið því vant. Hann var mjög sjónskertur, átti langtímum saman erfitt með svefn og var auk þess illa áttaður vegna elliglapa. Hann hafði líka forréttindastöðu á heimilinu þar sem hann átti jörðina og bóndinn á bænum var uppeldissonur hans. Brá sá gamli stundum á það ráð að leggjast til svefns á lofti í skemmu sem hann hafði einn yfirráð yfir. Að morgni dags vorið 1853 var hans saknað úr baðstofunni enda hafði fólk orðið fyrir ónæði af hans völdum um nóttina. Var hans strax leitað í skemmunni og kom þá í ljós að hann hafið hengt sig í stigauppgöngu á loft sem var yfir henni.³³

Af fyrrgreindum ástæðum líkjað sjálfsvíg að næturlagi því er fólk banaði sér á tíma sem litið var á sem heilagan og naut því sérstakrar bannhelgi enda var nóttin

²⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 310–312, 326.

³⁰ Jón Espólín og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847* 4, Reykjavík: Íðunn, 1979, bls. 81; „Mannalát og slysfarir“, *Norðanfari* 1. febrúar 1864, bls. 8; „Dánir og druknaðir“, *Norðanfari* 20. janúar 1869, bls. 8; „Dánir út úr ofdrykkju; ráðinn sjálfum sér bani“, *Þjóðólfrur* 10. maí 1870, bls. 112; „Sjálfsmörð“, *Fjallkonan* 18. september 1887, bls. 109; „Sjálfsmörð“, *Ísafold* 14. september 1887, bls. 173; „Sjálfsmörð“, *Þjóðólfrur* 16. september 1887, bls. 167; „Almælt tíðindi, Sjálfsmörð“, *Þjóðviljinn* 12. október 1887, bls. 107; „Sjálfsmörð“, *Þjóðólfrur* 29. janúar 1892, bls. 19; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 2, Akureyri: Hallgr. Pjetursson, 1924–1929, bls. 220; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 3, bls. 221–222, 392–393; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 4, bls. 14.

³¹ Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives“, bls. 111, 116.

³² Sama rit, bls. 116–118. Síðara dæmið sem G.H. nefnir virðist þó fremur óheppilegt. Þar virðist ekki vera um virðingu fyrir einkarými að ræða heldur afskiptaleysi af aðstöðu vinnukonu, þöggun og meðvirkni með húsbændum. Guðmundur Hálfðanarson, „Private Spaces and Private Lives“, 118–120.

³³ Þf. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–24.

helgur hvíldartími jafnt húsbænda sem hjúa.³⁴ Nokkur dæmi voru líka til um að fólk réði sér bana á öðrum tíma sem litið var á sem heilagan af yfirvöldum og samfélaginu í heild, þ.e. á stórhátíðum kirkjuársins. Þannig var um Baldvin Hinriksson (f. 1799) sem var einn þekktasti járnsmiður landsins. Hann skar sig á háls á jóladagsmorgun 1853.³⁵ Á hvítasunnudagsmorgun 1868 hengdi sig svo vinnukona í Hrunamannahreppi í lambhúskofa³⁶ en þessi tími hvítasunnudagsins naut alveg sérstakrar helgi.³⁷ Þá rak bóndi í Mýrdal sig í gegn með hníf á páskadag 1897 og lést á annan í páskum.³⁸

Einnig má líkja sjálfsvígum að næturlagi við atvik er fólk gekk út undir húslestri og réð sér bana en a.m.k. tvö dæmi eru þekkt um það frá því um 1890. Í annað skiptið gekk öldruð móðir bónda í Villingadal við Önundarfjörð út undir húslestri á hvítasunnudag og drekkti sér í „ársprænu“ nærri bænum.³⁹ Svipað gerði gamall faðir bónda á Látraströnd við Eyjafjörð milli jóla og nýárs árið eftir.⁴⁰ Enn má geta þess að snemma á öldinni hengdi sig karl sem stóð fyrir búi í Belgsdal í Saurbæ að húslestri nýloknum og hafði hann lesið sjálfur eins og algengast var á bæjum. Bar atvikið upp á allraheilagramessu.⁴¹ Hún var vissulega felld niður sem formlegur hátíðisdagur 1770 en hélt þó lengi sérstöðu sinni í huga fólks.⁴² Um húslesturinn er það að segja að hann var sameiginleg guðsþjónusta heimilisfólksins og um hann giltu fastar venjur og opinber fyrirmæli sem undirstrikuðu helgi stundarinnar. Meðan á húslestrinum stóð átti fólk að halda kyrru fyrir og hafa hljótt.⁴³ Hann gat því vissulega skapað fólki einstakt tækifæri til þeirrar einveru sem sjálfsvíg hlaut að útheimta og ekki var auðvelt að skapa sér á virkum tíma heimilislífsins. Fólkið í tilfærðum dæmum naut líka sérstöðu á heimilunum og laut ekki venjulegum húsaga.⁴⁴

Loks töldust kirkjuferðir einnig til hins helga tíma og voru varðaðar reglubundnu háttarlagi sem líkja má við helgisiði.⁴⁵ Þó kom fyrir að þær snerust upp í andhverfu sína og varð a.m.k. ein slík ferð að vettvangi sjálfsvígs. Sumarið 1895 fór unglingspiltur frá Stekkjarflötum í Silfrastaðasókn ásamt fleira fólki til kirkju að Miklabæ í Blönduhlíð. Komið var við á bæjum á heimleiðinni og gerðist hann drukinn en messuferðum í aðrar sóknir var öðrum þræði ætlað að vera til skemmtunar.⁴⁶ Reið hann á undan samferðafólki sínu þangað sem Héraðsvötn runnu í straumharðri kvísl „[...] og steypiti sér í iðuna.“ Var hann sagður hinn

³⁴ Í trúarbragðafraeðum er oft greint á milli hins „stóra heilaga“, sem vísar til þess sem trúarbrögð og samfélag sameinast um, og hins „litla heilaga“, sem á við um það sem einstaklingum er heilagt. Þá er einnig oft talað um hið „veraldlega heilaga“. Með því er átt við t.d. tíma sem talinn er „helgur“ þótt ekki liggi þar sérstök trúarleg hugsun að baki. Svo er t.d. um 1. maí í hugum margra. Hér er litið á nóttina sem helgan tíma í þessari merkingu. Sjá: Hjalti Hugason, „Helgi á undanhaldi: Frelsi eða fórn?“, *Ritvæð Guðfræðistofnunar* 24/2007, bls. 111–132.

³⁵ Gísli Konráðsson, *Saga Skagstrendinga og Skagamanna*, formáli eftir Pál Kolka, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H. F., 1941, bls. 173–174.

³⁶ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 3, bls. 380–381.

³⁷ Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 106–107. Á tilvitnuðum stað er þess ekki getið að áherslan á árvekni á hvítasunnu geti tengst þema dagsins sem lýtur að gjöf heilags anda sem upplýsir hvern mann.

³⁸ „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 6. maí 1897, bls. 72.

³⁹ „Sjálfsmorð enn“, *Þjóðviljinn* 9. júní 1890, bls. 84.

⁴⁰ „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 29. janúar 1892, bls. 19.

⁴¹ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 1, bls. 149.

⁴² Árni Björnsson, *Saga daganna*, bls. 272–273.

⁴³ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 293–309.

⁴⁴ Sjá: Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 122–123.

⁴⁵ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 177–186.

⁴⁶ Sama rit, bls. 256.

gervilegasti en nokkuð hneigður til öls og „veiklaður á geðsmunum“.⁴⁷ Þegar á leið níjtjándu öldina var stundum í framhaldi af messugjörð efnt til annarra viðburða, t.d. dansleikja.⁴⁸ Vel getur það hafa átt við nokkrum árum áður þegar maður nokkur í Stykkishólmi var við kirkju á sunnudegi, sótti dansleik um kvöldið en keypti sér svo byssu daginn eftir og kvaðst ætla að ganga til rjúpnna. Þótti hann þó „[...] eitthvað annarlegur á svipinn og var því farið að leita hans von bráðar. Fannst hann þá dauður í hlöðu; hafði hann skotið sig undir kverkina [...]“.⁴⁹

Aðdragandi

Eins og gefur að skilja hafa sjálfsvíg á níjtjándu öld átt sér mismunandi aðdraganda, eins og í allan annan tíma. Ekkert segir heldur til um hvenær sjálfsvígs-hugsanir tóku að gera vart við sig hjá fólki né hve langan undirbúning sjálft atvikið átti. Sum sjálfsvíg virðast hafa gerst skyndilega og af hreinni hvatvísi. Undir árinu 1833 segir t.d. í Skagfirðingasögu Espólíns: „Á Vestfjörðum hljóp kona frá deilu í reiði og drekkti sér í sjó.“⁵⁰ Lítið verður ráðið um persónuleika konunnar, skapgerð, andlega heilsu eða kringumstæður af þessum fáu orðum en líklegt er að hún hafi komist í mikið uppnám og það hrundið henni út í sjálfsvígið.

Svipað er ástatt um bónda á besta aldri suður á Þykkvabæ í Álftaveri. Að morgni dags á öndverðum túnaslætti 1865 skipulagði hann dagsverkið ásamt konu sinni. Ráðgerði hann að ríða einhverra erinda upp í Skaftártungu og gekk skömmu síðar fram. Að lítilli stundu liðinni fannst hann í bæjardyrnum „[...] skorinn á háls, og hafði hann gert það með sláttuljá sínum.“⁵¹ Staðurinn sem maðurinn valdi virðist benda til að hann hafi brugðið á þetta ráð í snarhasti þar sem hann var staddur með ljáinn innan seilingar án þess að hugsa til þess hvenær að honum yrði komið, hvert ástand hans væri þá og hvernig konu hans og öðru heimilisfólki yrði við. Um háttarlag vinnukonunnar í Hrunamannahreppi, sem minnst var á, er enn svipaða sögu að segja. Hún hafði farið á fætur um sama leyti og annað fólk á bænum, drukkið kaffi og skekið síðan strokk. Sá heimilisfólkið ekkert á henni fremur venju. En uppúr dagmálum fannst hún svo hengd í lambhúskofa skammt frá bænum. Vikurnar á undan hafði hún vissulega átt í sálarstríði vegna vistaskipta sem hún átti erfitt með að setta sig við. Fékk hún hvorki neytt svefns né matar. Það var þó komið í ljós að hún gat verið um kjurt.⁵² Spennan hefur því væntanlega verið liðin hjá. Eftir gátu þó setið margháttuð sárindi. Rúmum áratug síðar gekk svo vinnukona í Görðum á Álftanesi til morgunverka sinna á undan öðrum en þau voru að hita kaffi handa mönnum er fóru í róður. Um fótaferðartíma var hennar saknað og fannst hún þá hangandi í

⁴⁷ „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 16. júlí 1895, bls. 119; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 27. júlí 1895, bls. 136; „Drukknarir“, *Þjóðólfrur* 13. september 1895, bls. 180; „Sjálfsmorð“, *Skírnir* 1895, bls. 27; Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzæur annáll 1847–1947*, Reykjavík: Mál og mynd, 1998, bls. 243.

⁴⁸ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 256.

⁴⁹ „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 4. mars 1892, bls. 44.

⁵⁰ Jón Espólín og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 3*, Reykjavík: Íðunn, 1978, bls. 34.

⁵¹ „Mannalát“, *Norðanfarir* 13. mars 1866, bls. 16; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjtjándu aldar 3*, bls. 276.

⁵² Sama rit, bls. 380–381.

snöru í skemmunni þar sem hún hafði hitað kaffið.⁵³ Ekkert virtist benda til að hverju fór og ekkert kom fólki í hug eftir á sem varpað gat ljósi á sjálfsvígið. Fleiri dæmi voru um að ekkert hefði séð á fólki, jafnvel örskömmu fyrir atburðinn.⁵⁴

Oft hefur fólk auðvitað átt við veikindi eða vanda að stríða þótt þau sem umhverfis voru hafi ekki rennt grun í hvert stefndi. Eftir á gat þó lokist upp fyrir aðstandendum að eitthvað hefði verið að búa um sig í huga viðkomandi. Þannig var t.a.m. með roskinn bónda sem hvarf heiman frá sér suður í Gnúpverjahreppi. Hafði hundur hans fylgt honum og vísaði síðar fólki til flúða í Þjórsá þar sem það sannfærðist um að maðurinn hefði steyp sér í fljótið. Var hinn látni sagður góður bóndi, dugnaðarmaður, vinsæll og vel látinn af öllum. Á bæ hans hafði heimilisbragur líka verið hinn ákjósanlegasti. Þegar ljóst þótti hvað gerst hafði rifjast upp fyrir heimilisfólkinu að hann, skömmu áður, hefði oftast en einu sinni sagt upp úr eins manns hljóði, tilefnislaust, og eins og við sjálfan sig „[...] að sér félli það næsta þúngt ef allir færu nú eða væru farnir að hafa horn í síðu honum.“⁵⁵ Virðist depurð og viðkvæmni hafa sótt að bóndanum eða önnur geðbrigði sem leitt hafa til þessara ranghugmynda að því er heimamönnum virtist þótt það hafi ekki vakið athygli þeirra fyrr en eftir á.

Önnur sjálfsvíg sem heimildir hafa fundist um voru augljóslega fyrirhuguð og/eða undirbúin lengur eða skemur og jafnvel gerðar misheppnaðar tilraunir áður en áformin náðu fram að ganga. Á sjöunda áratug nítjándu aldar greip gamall maður suður með sjó t.d. til þess ráðs að binda enda á líf sitt með hengingu og virðist hafa gengið langt í undirbúningi. Sagt var að hann hafi haft snöru undirbúna og uppfesta fyrirfram. Um hann er sérstaklega tekið fram að hann hafi ekki átt við geðbrest að stríða.⁵⁶ Átti atvikið sér þó stað á þeim tíma sem það var enn forsenda fyrir a.m.k. hátíðlegri greftrun í kirkjugarði, sem og að eignir viðkomandi yrðu örugglega ekki gerðar upptækar til konungs. Var enda algengast að andlegri heilsu væri kennt um sjálfsvíg. Undir lok aldarinnar hengdi sig svo fjósamaður Matthíasar Jochumssonar (1835–1920) skálds í hlöðu við hús hans á Akureyri. Hafði hann oftast en einu sinni gefið í skyn við vinnukonu á heimilinu að hann hygðist fyrirfara sér, hengja eða skera, þar í hlöðunni. Ekki virðist hún hafa tekið því í alvöru.⁵⁷

Dæmi Sakaríasar Illugasonar sem ættaður var úr Eyrarsveit getur varpað skýrara ljósi á atburðarás sem leiddi til sjálfsvígs. Sakarías kemur fyrir í manntölum 1835, 1845 og 1850 en hvorki 1816 né 1840. Aldur hans er á reiki í manntölunum en hann ætti að hafa verið fæddur á fyrsta áratugi nítjándu aldar. Árið 1835 er hann skráður húsmáður í Hvítadal í Dölum en samkvæmt tveimur síðari manntölunum dvaldi hann að Hjöllum í Gufudalssókn a.m.k. tíma og tíma. Þá jörð átti hann, þótt ekki stæði hann fyrir búi. Í fyrra skiptið er hann sagður lifa „af kaupavinnu“ en „á ferðalagi“ í það síðara. Hann hefur því verið lausamaður og fékkst við lækningar, hestakaup og annað prang, auk þess sem

⁵³ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 4, bls. 358; „Frjettir“, *Norðanfari* 30. apríl 1881, bls. 2–4, hér 4.

⁵⁴ „Mannalát“, *Norðanfari* 13. mars 1866, bls. 16; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 279, 380–381.

⁵⁵ „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 28. maí 1866, bls. 118; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 315.

⁵⁶ „Slysfarir og mannalát“, *Norðanfari* 15. desember 1864, bls. 63–64, hér 63; „Mannalát og slysfarir“, *Þjóðólfrur* 10. nóvember 1864, bls. 13–14, hér 13; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 3, bls. 233.

⁵⁷ Þf. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/30-2. Dóma- og þingbók 1894–1898, bls. 120–124.

hann reri sunnanlands einhverjar vertíðir. Að sögn Péturs Guðmundssonar í *Annál nítjándu aldar* var Sakaríasi mjög áfram um peningasöfnun og varð vel ágengt í þeim efnun. Jafnframt óttaðist hann mjög um fé sitt.⁵⁸ Frá áramótum 1852 tók hann að kvarta yfir „uppþornunarsýki“, sem hann rakti til blóðmissis, og verkjum innvortis, sem og í fótum, er hann taldi að rekja mætti til meiðsla eða áfalls sem hann hafði orðið fyrir nokkru áður. Auk þess varð vart við „óróleika á geðsmunum“ hjá honum með áhyggjum og kvíða vegna versnandi heilsu. Þá tók hann að una hag sínum illa á Hjöllum sakir fjölmennis á heimilinu og mjólkurskorts. Upp úr kyndilmessu (2. febrúar) tók hann síðan að fara einförum frá bænum. Lagðist það illa í heimilisfólkið og var honum jafnan veitt eftirför þrátt fyrir áköf mótmæli hans. Kvaðst hann hafa getað fyrirfarið sér fyrir löngu með þeim meðölum sem hann hefði yfir að ráða ef hugur hans stæði til þess. Þrátt fyrir þetta kvaðst heimilisfólkið ekki hafa heyrt á honum sjálfsvígspanka en hann þó stundum sagt að hann mundi ekki eiga langt eftir ólífað. Þá munu hafa sótt á hann trúarlegar efasemdir en sóknarprestur hans bar fyrir rétti að „[...] hann virtist að vera búinn að sleppa öllu trausti á guðs vísdóms stjórn og að hann væri án huggunar og vonar bæði í andlegum og veraldlegum efnun“. Eins hefði hann talið að sér yrði ekki „[...] viðhjálpað og að allt væri þegar úti fyrir sér.“ Þrátt fyrir þetta datt presti ekki í hug að Sakaríasi mundi ráða sér bana. Loks hafði hreppstjórinn leitast við að styðja Sakaríasi í erfiðleikum hans. Þegar komið var fram í mars útvegaði hann sér loks byssu til láns, högl og púður, undir því yfirskeyni að hann vildi eyða vargfugli en skaut sig í höfuðið í árgili kippkorn frá bænum.⁵⁹ Hér má sjá hvernig roskinn karl við góðan efnahag hvarf inn í vaxandi örvæntingu þótt hann vissulega hlyti nokkurn stuðning umhverfisins. Sjálfsvígð átti sér því greinilega einhverra mánaða stigvaxandi aðdraganda.

Þetta tilvik afhjúpar vanda sem við var að etja við réttarfarslega rannsókn sjálfsvíga og þá jafnframt hvernig túlka á vitnisburði í slíkum málum. Öll vitni þvertóku fyrir að Sakaríasi hefði gert uppskált um sjálfsvígsáform eða að þau hefðu af öðrum ástæðum látið sér til hugar koma að hann hefði slíkt í hyggju. Með þessu hefur það viljað firra sig ábyrgð á því sem orðið var. Á hinn bóginn hafði heimilisfólkið greinilega vakandi auga með honum umfram það sem hann kærði sig um. Sýnir það að ágengar grunsemdir hljóta að hafa verið vaknaðar. Raunar má ætla að sveitafólk á nítjándu öld hafi almennt ekki stundað erindislausar göngur um umhverfi sitt. Það eitt og sér er þó ekki líkleg skýring á varúð fólksins á Hjöllum enda virðist Sakaríasi sjálfur hafa átt auðvelt með að sjá í gegnum hana.

Þessi dæmi sýna að á nítjándu öld, líkt og nú á dögum, var hvert sjálfsvíg einstakt og hefur oftast komið fólki í opna skjöldu þrátt fyrir að heimilisfólk á hverjum bæ myndaði samhæfð teymi við bústörfin og deildi húsnæði þann hluta sólarhringsins sem hver og einn gekk ekki til eigin verka í næsta nágrenni bæjarhúsanna eða a.m.k. innan jarðarmarkanna. Lausamenn á borð við Sakaríasi

⁵⁸ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-1. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1835–1866, bls. 142r; Pjetur Guðmundsson, *Annál nítjándu aldar* 2, bls. 340–342; Ólafur Davíðsson, *Íslenskar þjóðsögur* 3 (3. útg.), Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar, Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1979, bls. 149–150.

⁵⁹ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70–108 (sjá einkum bls. 96–98, 105–106).

Illugason höfðu vissulega meira svigrúm en flest önnur en þó var hann ekki látinn afskiptalaus.

Aðferðir

Í flestum tilvikum má komast að raun um hvaða aðferðum fólk beitti til að binda enda á líf sitt. Þessu máli gegnir um 32 konur af alls 34 og 115 karla af þeim 133 sem heimildir fundust um í þessari rannsókn.⁶⁰ Tölulegt yfirlit yfir dreifingu sjálfsvíganna eftir aðferð kemur fram í eftirfarandi töflu. Hlutfallstölurnar miðast við þau sem létu lífið í sjálfsvígi með þekktri aðferð, þ.e. alls 147 einstaklinga. Frásagnir af sjálfsvígum voru oftast knappar fram undir miðja nítjándu öld eða þar til blaðaútgáfa hófst hér. Samt var oftast getið um aðferð fólks við sjálfsvíg og myndaði sá þáttur raunar oft uppistöðu fréttarinnar.⁶¹ Fyrir kemur að torvelt er að útiloka að slys, t.d. voðaskot, hafi átt sér stað. Svo var t.d. þegar skráð var: „Þór nokkur Magnússon í Keflavík á Suðurnesjum skaut sig til bana“.⁶² Þegar þannig stendur á er aldrei litið svo á að um sjálfsvíg hafi verið að ræða nema samtímafólk hafi talið svo vera. Fréttirnar og úrvinnsla þeirra er með þeim hætti að lítil ef nokkur hætta er á tvítalningu.

Sjálfsvíg á nítjándu öld, flokkuð eftir aðferð

Aðferð	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Drekking	14	44	44	38	58	40
Stökk af sjávarhömrum	2	6	5	4	7	5
Henging	7	22	33	29	40	27
Hálsskurður	7	22	14	12	21	14
Aðrir skurðir / stungur	1	3	4	4	5	3
Byssuskot	0	0	15	13	15	10
Eiturinntaka	1	3	0	0	1	1
Samtals	32	100	115	100	147	100

Eins og sjá má af töflunni var langalgengast að fólk af báðum kynjum brygði á það ráð að drekkja sér. Gilti það um helming kvennanna og 45% karlanna. Sérstakt afbrigði drekkingar var þegar fólk stökk fram af klettum við sjó eða sjávarhömrum. Í slíkum tilvikum getur vissulega hafa komið til fjöláverka þótt þess sé ekki getið og drukknun hafi verið talin dánarorsök. Athygli vekur að atvik af þessu tagi komu þrisvar fyrir við sama klett á austanverðri eyjunni Vigur í Ísafjarðardjúpi.⁶³ Hætt er við að staðurinn hafi fengið sérstaka stöðu í huga fólks sem þekkti til.

⁶⁰ Um heimildir og kortlagningu sjálfsvíga í rannsókninni sjá: Hjalti Hugason, „Sjálfsvíg á Íslandi á nítjándu öld“, bls. 29–35.

⁶¹ Á fyrri hluta rannsóknartímabilsins voru fréttirnar oft á þessa leið: „Gunnar nokkur í Klausturhólum hengdi sig.“ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 2, bls. 220.

⁶² Sama rit, bls. 141.

⁶³ „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 17. janúar 1887, bls. 24.

Fólk drekkti sér t.d. í sjó, straumvötnum, pyttum, síkjum og mógröfum. Eitt dæmi er jafnvel um að maður drekkti sér í brunni. Um sumarmálaleytið 1861 fyrirfór sér að Brautarholti á Kjalarnesi aldraður söðlasmiður með þeim atvikum að hann stakk sér á höfuðið ofan í brunn. Hann var illa haldinn af krabbameini undir tungurótum og svo langt leiddur af sjúkdóminum að hann var orðinn eins og klumsa, mátti ekki mæla og gat varla nærst. Hann var talinn vænn maður og vel að sér og sagður hafði borið „mein sitt með einstöku þolgæði til hins síðasta.“⁶⁴

Ýmsum sem á annað borð náðu að hugleiða sjálfsvíg sitt með meðvitundum hætti áður en látið var til skarar skriða kann að hafa virst drekking freistandi leið. Víðast var auðvelt að finna hentugan stað innan nálægasta umhverfis fólks í sveitum landsins. Ekki þurfti á neinum sérstökum áhöldum að halda. Líkur á að tilraun mistækist eða dauðinn mundi dragast á langinn ef illa tækist til voru litlar miðað við flestar aðrar aðferðir. Þá mátti hugsa sér að líkin hyrfu ef gengið var í sjó eða straumvötn og eftirlifendur þyrftu því ekki að koma að illa leiknum líkamanum, líkt og raun var á ef gripið var til flestra annarra úrræða. Líka má ætla að málshættir á borð við „sætur er sjódaði“ hafi styrkt hugmyndir um að drekking hefði ekki viðlíkar kvalir í för með sér og aðrar aðferðir. Loks krafðist drekking ekki flókens undirbúnings og ugglaut hafa sum drekkt sér í hvatvísi, líkt og konan sem hljóp frá deilum sem hún stóð í og fyrr er vikið að.

Henging var önnur algengasta aðferðin sem gripið var til en yfir fjórðungur sjálfsvíga fór fram með þessari aðferð og ekki var verulegur munur á tíðni hennar eftir kyni. Hún var þó heldur algengari meðal karlanna. Henging hlýtur þó að hafa krafist meiri undirbúnings en drekking. Til þessa var vissulega hægt að nota trefil sinn eða hálsklút, axla- eða sokkabönd, taum eða beisli og ýmislegt annað sem fólk gat gripið til á sérhverju sveitaheimili. Líklega hefur verið torveldast að finna ákjósanlegt afdrep. Urðu skepnuhús, hlöður og heygardar oft fyrir valinu en jafnframt út- og framhýsi, eins og smiðjur og skemmur. Byggingar af þessu tagi voru þó misjafnlega vel til þessa fallnar og þá ekki síst vegna lofthæðar. Að áliðnu sumri 1866 hengdi sig t.d. karlmaður í smiðju í Utanverðnesi í Skagafirði „[...] og var smiðjan svo lág, að hann var næstum sitjandi er hann fannst.“⁶⁵

Henging var mun óhugnanlegri fyrir eftirlifendur en drekking á þann máta að óhjákvæmilegt var að líkið fyndist og að aðkoman yrði ljót. Þá krafðist hún skjótra aðgerða af þeim sem fyrst komu á vettvang en þeim bar að leysa eða skera líkamann úr „snörunni“. Til þess þurfti bæði kjark og aflsmuni. Þetta var eðlileg, sammannleg eða siðferðisleg skylda en jafnframt formleg borgaraleg kvöð. Samkvæmt reglugerð (d. *forordning*) frá 1819, sem koma átti í veg fyrir greftrun skyndauðra eða kviksetningu, skyldu allir sem komu að hengdum manni losa hann niður og grípa til allra hugsanlegra ráða til að bjarga lífi hans eða lífga hann við. Í framhaldinu skyldi síðan leita læknis ef það væri mögulegt,

⁶⁴ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 3, bls. 126; „Mannalát og slisfarir [svo]“, *Þjóðólfrur* 13. september 1861, bls. 142–143, hér 142.

⁶⁵ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 3, bls. 321; „Mannalát“, *Norðanfari* 6. nóvember 1866, bls. 60.

sem og tilkynna yfirvöldum og/eða prestum um atvikið. Vanræksla varðaði sektum eða nokkurra daga fangelsi upp á vatn og brauð.⁶⁶

Flest sjálfsvíg hafa að líkindum reynst ofvaxin venjulegum sveitaheimilum að fást við og reynt mjög á heimilisfólkið bæði í bráð og lengd.⁶⁷ Þetta átti ekki síst við um hængingarnar sem vöktu mikinn óhug en kröfðust þó tafarlausra aðgerða. Eru mörg dæmi þess að fólki féllust hendur og yrði að sækja mannafla á aðra bæi.⁶⁸ Þannig var t.a.m. um atvikið á Hofi í Flateyjarðal sem fyrr er vikið að. Þar voru rúmlega tíu manns í heimili um þetta leyti (1850) en þó aðeins tveir fullgildir karlmenn fyrir utan þann látna: bóndinn um fimmtugt og rúmlega tvítugur sonur hans. Karlmennirnir og vinnukona um sextugt fundu hinn hengda í skemmunni og féllust þeim hendur. Bóndinn lagðist þegar fyrir í baðstofu yfirkominn af hræðslu og spurði konuna hvort hún treysti sér ekki til að skera líkið niður. Hún kvað það ekki kvenmannsverk og síst ef karlar á annað borð væru nærri. Sonurinn hljóp aftur á móti eftir hjálp til næsta bæjar en þaðan komu feðgar og tóku líkið ofan og var það þá orðið kalt. Reyndi nágrannabóndinn að slá hinum látna æð í olnbogabót eins og ráðlagt var í lækningakverum en það skilaði engum árangri.⁶⁹ Svipað atvik varð á tvíbýliskotinu Kambsmýrum á Flateyjarðalsheiði tæpum áratug áður. Þar bjuggu tveir bræður með fjölskyldum sínum, þar á meðal ógiftir systur sinni, hálfertugri, sem átti við líkamlegan og geðrænan sjúkdóm að stríða. Hún hengdi sig að næturlagi í lambhúsi og voru báðir bræðurnir þá að heiman. Því voru aðeins konur og börn heima og munu allar konurnar hafa verið veikburða. A.m.k. önnur húsfreyjan var vanfær en móðir hinnar látnu öldruð og lasburða. Er þá aðeins vinnukona ótalin sem virðist hafa verið fremur vanburðug. Engin ráð sáu konurnar til að hlúa að hinni látnu mágkonu sinni og dóttur en leituðu hjálpar til næsta bæjar. Þrátt fyrir aðstæðurnar á heimilinu fóru fram umfangsmikil réttarpróf sem beindust m.a. að því hvort konurnar, og einkum þá vanfæra húsfreyjan, hefðu brugðist þeim skyldum sem reglugerðin frá 1819 lagði þeim á herðar.⁷⁰

Ekki hafa fundist dæmi um að fólki sem reyndi að drekkja sér mistækist eða væri bjargað. Aftur á móti fannst eitt dæmi um dreng sem var í vist á bæ einum á Skagaströnd og reyndi að hengja sig í fjárhúsi þar í túninu eftir að hafa lent í deilum við húsbónda sinn og ráðskonu hans en var bjargað. Var hann þá orðinn

⁶⁶ *Lövsamling for Island* 8, bls. 62–63. Sjá og: *Stjórnartíðindi* 1895 B, bls. 73. — Í lækningabókum sem gefnar voru út fyrir almenning á níjtjándu öld og skyldum skrifum voru birtar leiðbeiningar um lífgunaraðferðir. [Sveinn Pálsson], „Tilraun að upptelia sjúkdóma þá er að bana verða, og orðid géta fólki á Íslandi“, *Rit þess konunglega íslenska lærdómslistafélags* 15, 1797, bls. 1–150, hér bls. 111–112; Jón Hjaltalín, *Lækninga-kver*, Kaupmannahöfn: Eð íslenska bókmentafélag, 1840, bls. 26–46; Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþjóðu á Íslandi*, Reykjavík: Sigm. Guðmundsson, 1884, bls. 447.

⁶⁷ Sjá t.d.: *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð]. — Sjá: Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjtjándur aldar* 1, bls. 203.

⁶⁸ Sjá og sjálfsvíg/hængingu bænda á Þröm á Langholti 1835 og Heiði á Rangárvöllum 1866. *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu* og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. BA/05-3. Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1835–1838, 95r–99r; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu*. GA/5-3. Dóma- og þingbók Rangárbings 1865–1869, bls. 31–33; Jón Espólin og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847* 3, [án útgáfustaðar]: Íðunn, 1978, bls. 49; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjtjándur aldar* 2, bls. 65.

⁶⁹ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu* og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–31; Jón Hjaltalín, *Lækninga-kver*, bls. 40.

⁷⁰ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu* og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/4-3, Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1838–1843, [ónúmeruð]; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu* og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/5-2. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1843–1861, bls. 5v–7r; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu* og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24-4. Bréf. Borgen, settur amtmaður, til sýslumanns 25. mars 1843.

þrútinn og tekinn að froðufella. Hann gat ekki borðað í hátt í viku á eftir en náði sér.⁷¹

Skurðir og stungur með eggjárnnum var önnur algengasta sjálfsvígsaðferðin meðal kvenna næst á eftir drekkingu en sú þriðja meðal karla. Af þeim sem fóru þessa leið skáru flest sig á háls. Á sveitaheimilum á nítjándu öld voru hnífar af ýmsu tagi oftast innan seilingar og voru víða geymdir inni í baðstofum þar sem grípa mátti til þeirra við verk sem þar voru unnin. Karlmennt áttu rakhnífa sem oft hafa að vísu verið hafðir í kistum eða handröðum þeirra. Margir áttu líka tálguhnífa og hnífar til að raka gærur voru nauðsynleg áhöld og þannig má lengi telja. Algengt var líka að sláttuljái væru notaðir en þeir voru beitt og skæð eggjárn sem voru hendi nær á hverju heimili á rannsóknartímanum en nærtækari á sumrum en yfir veturinn. Vart þurfti sérstakan undirbúning til að ráða sér bana á þennan hátt né næði um langa stund. Sum munu þó hafa gætt að brýna hnífinn fyrirfram og völdu sér stað þar sem ólíklegt var að gengið yrði fram á þau í skjótri svipan og hafa e.t.v. með því móti vilja fyrirbyggja að komið væri að þeim áður en þeim blæddi út eða lífið fjaraði út á annan máta.

Hvað hálsskurðina áhrærir er eðlilegt að þeir hafi orðið fyrir valinu umfram aðra. Þannig var sauðfé ætíð lógað á blóðvelli.⁷² Flest sem komin voru af yngri barnsaldri hafa séð slík verk framkvæmd og margir karlar sem komnir voru til vits og ára höfðu framkvæmt slíka slátrun margoft og vissu hvernig best var að standa að verki hvað skepnur áhrærði og hvernig hálsskurðir virkuðu á þær. Slátrunin mótaði einnig orðræðu fólks er það leitaðist við að lýsa aðkomu að deyjandi fólki eftir að það hafði skorið sig. Hljóðum sem frá því bárust var t.d. líkt við mäs „[...] eins og þegar skepnur eru skornar“.⁷³ Sýnir það hve nærtækt var að tengja þessa sjálfsvígisaðferð við slátrurverkin. Fyrirstaðan hefur verið meiri þegar um skurð eða stungur í brjóst eða kviðarhol var að ræða auk þess sem óvissara hefur verið um árangur nema áverkinn væri þeim mun meiri. Hálsskurður var því var áhættuminnsti skurðurinn þegar snöggur dauði var markmiðið.

Um aðra skurði en á hálsi má nefna að haustið 1887 fyrirfór sér karlmaður suður í Flóa „[...] með þeim hætti, að hann risti sig fyrst á hol, 8 þuml. langan skurð niðr frá flagbrjóski langsetis, svo iðrun lágu úti, og skar sig síðan á háls“.⁷⁴ Þá stakk karlmaður sig undir bringspalirnar í upphafi rannsóknartímans og annar rak sig tvívegis í gegn í lok hans.⁷⁵ Þegar hálsskurði sleppti hefur athyglin því fremur beinst að brjóst- og/eða kviðarholi en slagæðum á úlnliðum líkt og síðar varð algengara við sjálfsvígstilraunir. Aðeins eitt dæmi hefur fundist um slíkan

⁷¹ Gísli Konráðsson, *Húsvetninga saga* 3, Jón Torfason sá um útgáfuna, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, 1998, bls. 871. — Austur í Holtum gerði vinnukona sem svikin hafði verið í ástum tilraun til að hengja sig. Var lækni sóttur en hjálp hans reyndist árangurslaus. Dó hún eftir fjóra daga en hafði áður fengið mál og rænu. „Sjálfsmorð“, *Ísafold* 17. ágúst 1889, bls. 264.

⁷² Stórgripir voru frekar svæfðir með svæfingarjárnnum sem stungið var í hnakka við banakringlu og mánan skorin sundur. Eftir það voru þeir væntanlega skornir á háls. Jónas Jónsson, *Íslenzkeir þjóðhættir* (3. útg.), Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1961, bls. 89, 92–93.

⁷³ Þí. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/9-3. Dóma- og þingbók 1858–1860, bls. 35–37. Sjá og: Þí. Sýslumaður Barðastrandarsýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð].

⁷⁴ „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 18. september 1887, bls. 109; „Sjálfsmorð“, *Ísafold* 14. september 1887, bls. 173; „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 16. september 1887, bls. 167; „Almælt tíðindi, Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 12. október 1887, bls. 107.

⁷⁵ Jón Espólin, *Íslands Arbær i sögu-formi* XI. deild, Kaupmannahöfn: Eð Islenzka Bókmentafélag, 1854, bls. 122; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn ungi* 9. ágúst 1897, bls. 127.

skurð. Um miðja öldina skar bóndi vestur á Broddanesi sig þvert yfir innaná úlnlið inn í bein og veitti sér jafnframt frekari áverka: lítilfjörlegt sár á hálsi sem hvorki særði barka né „lífæðar“ og tveggja og hálfs þumlungs sting á brjósti vinstra megin frekan þumlung niður og útundir geirvörtu.⁷⁶

Merkingarlaust virðist að geta sér til um hvort óhugnanlegra hefur verið að koma að líki í „snöru“ eða með áverka eftir skurð/stungu. Í síðari tilvikunum bættist vissulega blóð við mismikla afmyndun líkamans, sem einnig hefur þó sagt til sín við hængingu. Gat það reynt mjög á fólk að takast á við það. Sjálfsvíg Baldvins Hinrikssonar sem drepð hefur verið á reyndi sýnilega mjög á heimilisfólkið og þá ekki síst tvær dætur bóndans. Sú yngri kom að honum í andarslitrunum en faðirinn treysti engri annarri konu á bænum en elstu systurinni sem var um tvítugt til að verka blóðið. Timburhús hafði verið byggt á bænum og dökkur blettur á að hafa myndast á gólfinu sem ekki náðist að vinna á. Hefur hann minnt heimilisfólkið, og þá einkum bóndadótturina, á atvikið.⁷⁷ Þá er til trúverðug lýsing á því er bóndi á tvíbýliskoti austur á Möðrudalsöræfum kom að samþýlingi sínum er skorið hafði sig á hals meðan annað fólk á bænum svaf í rökkrinu:

Þegar fólkið brá blundi, fór bóndinn af hinu býlinu fyrstur til eldhúss að kveikja ljós við glæðurnar. Hrataði hann í bleytu á eldhúsgólfinu, og er hann hafði kveikt, sá hann þá svíplegu sjón, að [NN] flaut í blóði sínu við hlóðarsteininn og hafði hann stýtt sér aldur með uppáhalds gærusveðju sinni. Bóna varð svo hverft við, að hann steypdi niður ljósinu, þaut inn og sagði tíðindin, og náði hann sér eigi lengi eftir þetta, en ótta miklum sló á fólkið í baðstofunni.⁷⁸

Af lýsingum virðist samt mega ráða að hænging hafi verið sú sjálfsvígsaðferð sem gekk næst þeim sem að komu og í mörgum tilvikum varð eftirleikurinn venjulegu sveitaheimili um megn eins og dæmi hafa verið nefnd um.

„Karlægasta“ sjálfsvígsaðferðin, ef svo mætti segja, var að beita sig skotvopni að því leyti að engin kona skaut sig. Jafnframt má líta á þetta sem „nútima-legustu“ aðferðina. Það vekur og athygli að einungis þriðjungur þeirra sem skutu sig eru í þessari rannsókn taldir hafa lifað innan hins hreinræktaða sveitasamfélags.⁷⁹ Meirihlutinn kom úr hópi verslunarmanna, handverksmanna og þeirra sem stunduðu einkum sjó. Ólíkt eggvopnum voru byssur langt í frá í allra eigu á rannsóknartímanum og gátu jafnvel verið með verðmætustu hlutum í eigu manna.⁸⁰ Ólíklegt er að aðrir en þeir sem voru vanir að fara með þær hafi valið sér þessa aðferð til að stytta með daga sína. Þó má geta þess að Sakarías Illugason á Hjöllum, sem sagt hefur verið frá hér framar, skaut sig með lánsbyssu en áður en hún fékkst virðist eigandinn hafa hugsað sig um tvisvar hvort sem hann óttaðist um byssuna eða að Sakarías færi sér að voða með henni.⁸¹

Loks heyrði það til algerra undantekninga að fólk reyndi að bana sér á eitri. Þess má þó geta að bóndi suður á Rangárvöllum sem stríddi við depurð og

⁷⁶ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu. B/8-9. Bréf. J. Jónsson til sýslumanns 1. júní 1852.

⁷⁷ Magnús Björnsson, *Mannafjörðir og fornar slóðir*, Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1957, bls. 228.

⁷⁸ *Íslenskar þjóðsögur* 2, safnað hefur Einar Guðmundsson, Reykjavík: H.F. Leiftur, [án útgáfúárs], bls. 32.

⁷⁹ Sjá t.d.: ÞÍ. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/6-1. Þingbók 1844–1852, 86r–88r; „Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 11. apríl 1890, bls. 52.

⁸⁰ Böðvar frá Hnífsdal, „Veðimenn í lífsháska“, *Skaðaveður 1891–1896*, safnað hefur Halldór Pálsson, Reykjavík: Barnablaðið Æskan, 1967, bls. 77–82.

⁸¹ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70–108.

hengdi sig hafði nokkrum dögum áður beðið konu sína að ljá sér glas með skeiðvatni (saltpéturssýru) sem hún notaði við litun. Varð hún ekki við beiðninni.⁸² Eina staðfesta dæmið um eituringtöku er frá lokum rannsóknartímans. Árið 1892 tók Sólborg Jónsdóttir, sem gefið var að sök að hafa átt barn með hálfbróður sínum, inn eitur (striknín) þegar rannsókn málsins var rétt að hefjast. Hafði eitrið verið ætlað til að eyða ref.⁸³

Misjafnt hefur verið hvenær fólk ákvað endanlega með hverjum hætti það réð sér bana. Um miðbik níttjándu aldar fannst gamall maður frá Firði vestur í Múlahreppi drukknður niður undan bænum. Þótti augljóst að hann hefði drekkt sér. Á líkinu fannst hárbeittur hnífur er stungið hafði verið upp í vinstri skyrtuermi og brennivínsþeli lítið eitt sopinn í peysubarminum. Skömmu áður hafði sést til mannsins brýna hnífinn.⁸⁴ Árið eftir bar svo til að konur í Engidal í Ísafjarðarsýslu urðu varar við vanlíðan hjá smalapilti er hann kom heim með ærnar. Hafði hann áður kvartað um lasleika. Sást til hans fara í kassa sem hann átti til fóta í rúmi sínu og taka þaðan eitthvað laumulega og stinga á sig. Skömmu síðar kom unglingstúlka af næsta bæ að honum hengdum í hesthúsi nokkuð frá bæjarhúsum. Þegar hann hafði verið tekinn ofan fannst í vasa hans skegghnífur sem hann hafði væntanlega sótt í kassann.⁸⁵ Óvíst var hvort áform þessara manna hefðu verið óljós og jafnvel breyst þegar á hólminn var komið eða hvort þeir hafa viljað geta gripið til hnífanna ef eitthvað brygði út af. Þá getur vissulega verið að þessum mönnum hafi snúist hugur og þeir valið aðra aðferð en til stóð í upphafi.

Misheppnaðar tilraunir — langt dauðastríð

Fólk sem freistaði þess að taka líf sitt með því að hengja sig eða skera/stinga hefur tekið meiri áhættu en þau sem drekktu sér. Fleira gat farið úrskeiðis en við drekkingu ef tiltækið tókst ekki nægilega vel eða áverkinn reyndist ekki lífshættulegur. Þá var hættara við að það fyndist áður en lífið fjaraði út. Þess eru enda allnokkur dæmi að gripið væri inn í atburðarásina, hvort sem það reyndist svo til gæfu eða ógæfu af sjónarhóli þeirra sem í hlut áttu.

Atakanlegt atvik í þá veru varð 1838 er bóndinn á Hafursstöðum í Vindhælishreppi skar sig á háls. Honum var svo lýst að hann hefði verið æstur í geði „[...] svo oft hafði við legið að hann færi sér sjálfur, [...]“ Ágerðist þessi skapgerðar-

⁸² ÞÍ. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. GA/5-3. Dóma- og þingbók Rangárþings 1865–1869, bls. 31–33.

⁸³ „Annáll dulsmála á Íslandi frá lokum 16. aldar til fyrstu ára 20. aldar“, *Dulsmál 1600–1900: Fjórátan dómur og skrár*, Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang, Heimildasafn Sagnfræðistofnunar 2, Reykjavík: Sagnfræðistofnun HÍ og Háskólaútgáfan, 2000, bls. 239–274, hér 272. — Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöunda dó skyndilega í hegningarhúsinu í Reykjavík síðsumars 1805. Komu upp sagnir um að henni hafi annað tveggja verið byrlað eitruð og þá af Brun fangaverði eða verið útvegað það til að stytta sér aldur með og þá af stiftamtanni, Fr. Chr. Trampe greifa. Brun átti að hafa misnotað hana kynferðislega og gert hana þungaða en Trampe að hafa dáðst að hannyrdum hennar og viljað fá hana náðaða. Jón Þorkelsson, *Þjóðsögur og munnmáli* (2. útg.), Reykjavík: Bókfellisútgáfan, 1956, bls. 23–24; Pjetur Guðmundsson, *Annáll níttjándu aldar 1*, bls. 81. Fyrri sögnin fær ekki staðist þar sem Brun var þá látinn. Hin sagan er þjóðsagnakennd. Ljóst virðist á hinn bóginn að Steinunn hafi látist af náttúrulegum ástæðum. Guðbrandur Jónsson, *Sjö dauðasýndir: Sögur af íslenskum sakamálum frá ýmsum öldum*, Reykjavík: Bókfellisútgáfan, 1951, bls. 159; Steinunn Kristjánsdóttir, *Dauðadómurinn: Bjarni Bjarnason frá Sjöunda 1761–1805*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2024, bls. 379–381.

⁸⁴ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð].

⁸⁵ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði. GA/3-1. Dómabók Ísafjarðarsýslu 1858–1869, [ónúmeruð].

brestur svo „[...] að hann tók geðveiki er honum þótti sér öndvert ganga.“⁸⁶ Er sjálfsvígstilraun hans lýst svo:

Var það snemma morguns að [kona hans] hugði að færa honum litlaskatt. Sló hann í hlaðbrekku. Sá hún þá orf hans uppi við útikofadyr og úr ljárin. Hræddist hún og gekk í kofann. Sá hún þegar blóð renna eftir gólfinu og [NN] skorinn á háls upp við vegginn, rétti hönd að henni og heyrðist henni hann biðja hana að vera góða við sig.⁸⁷

Var þegar sent eftir presti sem talaði um fyrir bóndanum, sem og Jósep Skaftasyni (1802–1875), handlækni á Hnausum. Saumaði hann barkasár mannsins saman með „tvinna eður silkíþræði.“⁸⁸ Varð hann svo til heill en þurfti æ síðan að kyngja með lagni. Hlaut hann upp frá þessu viðurnefnið „skurður“.⁸⁹ Manninum var sem sé leitað þeirrar hjálpar sem stóð til boða. Presturinn var nær og erindi hans brýnna. Hann hefur séð það sem hlutverk sitt að leiða karlinn til iðrunar sem yrði honum til sáluhjálpar eins og komið var, auk þess sem það var ein af forsendum þess að hann gæti fengið heiðarlega greftrun, þ.e. í kirkjugarði.

Síðar, eða 1850, átti Jósep læknir eftir að græða annan mann sem einnig hafði skorið sig á háls. Sá lifði í nokkur ár eftir atburðinn.⁹⁰ Þá reyndu karl úr Húnavatnssýslu og kona úr Skagafirði að stytta sér aldur með sömu aðferð en læknuðust.⁹¹ Tæplega var öðrum til að dreifa á þeim slóðum er komið gætu að liði en Jósep. Ari Arason eldri (1763/4–1840) á Flugumýri í Blönduhlíð sem verið hafði fjórðungslæknir á Norðurlandi 1801–1821 var þá látinn en Ari yngri (1813–1881), sonur hans, sem fékkst nokkuð við lækningar hefur tæpast verið fær til þess konar aðgerða.⁹² Þá var maður græddur eftir hálsskurð suður í Reykjavík.⁹³ Auk þeirra sem menntaðir læknar græddu tókst nærfærum hreppstjóra vestur í Skagafirði að sauma saman barka gamallar niðursetukonu sem reynt hafði að ráða sér bana.⁹⁴

Átakanlegt var líka hlutskipti þeirra sem reyndu sjálfsvíg, lifðu um lengri eða skemmri tíma en dóu síðan. Árið 1827 bar svo til að ung stúlka frá Þorkelshóli í Víðidal varð yfirþyrmd af sjálfsvígshugsunum og hefur líklega gert tilraun til að bana sér. Var henni komið til Jóns Þorsteinssonar (1794–1855), landlæknis í Reykjavík, og var hún hjá honum um hríð. Mikið hefur því verið gert til að hlúa að henni. Þegar hún kom aftur sunnan yfir heiðar leitaði í sama farið. Síðustu nótt ferðarinnar gisti hún að Kolugili, fór árla á fætur og lést vilja leggja af stað heim. Þess í stað fór hún

⁸⁶ Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga* 3, bls. 797–798.

⁸⁷ Sama stað.

⁸⁸ Sama rit, bls. 798. — Eitthvað er frásögnin málum blandin. Gísli telur prestinn hafa verið Vigfús Reykdal (1783–1862) á Höskuldstöðum. Hann fékk kallið þó ekki fyrr en í nóvember 1838 en atvikið gerðist um sláttinn. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar avísarir* 5, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1952, bls. 57–58.

⁸⁹ Gísli Konráðsson, *Húnavetninga saga* 3, bls. 797–798.

⁹⁰ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 2, bls. 301.

⁹¹ Sama rit, bls. 154, 192.

⁹² Sigurður Ólafsson, „Ari Arason fjórðungslæknir“, *Skagfirðingapattir*, Skagfirzsk fræði 9, [án útgáfustaðar]: Sögufélag Skagfirðinga, 1952, bls. 68–95; Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar avísarir* 1, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948, bls. 12–13.

⁹³ Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar* 2, bls. 154.

⁹⁴ Þl. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7-5. Dóma- og þingbók 1869–1871, bls. 370–372.

[...] í hústóft eina og skar sig á háls. Var það áverkí mikill og banvænn. Var prestur sóttur að telja um fyrir henni. Var það Þorvarður [Jónsson (1798–1869)] kapellán. Dó hún þaðan frá á þrettánda degi.⁹⁵

Stúlkan hefur komist til meðvitundar og haft ráð og rænu þar sem presturinn var sóttur til að veita henni sálgæslu og vekja hana til iðrunar. Þetta var áratug áður en Jósep Skaftason kom til starfa og því lítil tók á að ná til læknis. Lítið annað hefur því verið hægt að gera henni til líknar í banalegunni.

Um miðbik nítjándu aldar lenti Ólafur Björnsson, roskinn vinnumaður í Svefneyjum á Breiðafirði, í djúpri sálarangist vegna eiðs sem honum var gert að sverja sem vitni í barneignarmáli sem honum var að öðru leyti óviðkomandi. Á laugardaginn næstan fyrir nýár fannst hann niður við sjó. Hafði hann skorið í sundur barkann ásamt vélindanu og blætt til ólífis að því er virtist. Var hann borinn heim í brekani og lagður til í skemmu þrátt fyrir að allan tímann hafði heyrðist í honum snörl. Daginn eftir kom húsbóndi hans að honum þar sem hann var sestur upp til hálf. Reyndist hann vera við meðvitund „fyrir guðs náð“ eins og hann komst sjálfur að orði. Var hann þá fluttur inn í bæinn og sett heit hella við fætur hans til að ná upp líkamshita. Var og sóknarpresturinn, Ólafur Sivertsen (1790–1860) prófastur í Flatey, sóttur til hans en svo vel vildi til að hann hafði jafnframt fengist við lækningar og þótti heppinn. Undraðist prófasturinn sálarró mannsins. Sökum veðurs og vegalengdar var ekki mögulegt að vitja menntaðs læknis enda taldi prófastur að ekki mundi mögulegt að græða manninn. Var hann síðan vakað yfir honum þangað til „[...] hann sanniðrandi dó að tveimur dögum liðnum.“⁹⁶

Enn má geta þess að 1872 skaut ungur kaupmannssonur á Hólanesi sig til bana. Ekki var leitað prests en sent eftir Jósep lækni sem ekki gat gert honum neitt til góða. Tveir karlmenn sátu yfir sjúklingnum sem lifði í sjö tíma.⁹⁷

Læknis var aftur á móti leitað til mannsins sem veitti sér fjöláverkann í Flóanum og getið er um framfarir í greininni. Saumaði hann skurðina saman og lifði maðurinn í þrjú dægur.⁹⁸ Sama máli gildi um vinnukonu suður í Holtum í Rangárvallasýslu. Hún reyndi að stytta sér aldur með hengingu. Gripið var inn í, lækni sóttur og lifði hún í á þriðja sólarhring.⁹⁹

Í engu af þessum tilvikum var mögulegt að koma hinum særðu fyrir öðruvísi en inni á heimilum. Það var ekki alltaf þeirra eigið heimili, t.d. lá stúlkan frá Þorkelshóli banaleguna á síðasta næturstað á ferðalagi. Kaupmannssonurinn í Hólanesi hafði á hinn bóginn yfir eigin vistarveru að ráða. Væntanlega hefur það

⁹⁵ Gísli Konráðsson, *Húmvetninga saga 3*, Jón Torfason sá um útgáfuna, [án útgáfustaðar]: Mál og mynd, 1998, bls. 656. Í *Annál nítjándu aldar* segir að hún hafi dáið að viku liðinni. Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar 1*, bls. 375.

⁹⁶ „Innlendar fréttir, slisfarir [svo]“, *Þjóðólfrur* 22. febrúar 1855, bls. 47; „Mannalát, slisfarir [svo] og aðrar fréttir“, *Þjóðólfrur* 6. mars 1855, bls. 55; E[lyólfur]. Einarsson, „Rétt er bezt, en rángt er verst“, *Þjóðólfrur* 15. ágúst 1855, bls. 117–118, hér 117; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar 2*, bls. 380; Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár 4*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 79–80.

⁹⁷ „Sannleikurinn er sagna beztur“, *Norðanfari* 15. október 1872, bls. 99 (aukablað); „Banaskot“, *Þjóðólfrur* 10. apríl 1872, bls. 82.; Magnús Björnsson, „Húsfú Þórdís“, *Svipir og sagnir: Þættir úr Húnavatnsþingi*, [án útgáfustaðar]: Sögufélagið Húmvetningur, 1948, bls. 11–66, hér 37–38, 40–41; Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar 4*, bls. 72.

⁹⁸ „Sjálfsmorð“, *Fjallkonan* 18. september 1887, bls. 109; „Sjálfsmorð“, *Ísafold* 14. september 1887, bls. 173; „Sjálfsmorð“, *Þjóðólfrur* 16. september 1887, bls. 167; „Almælt tíðindi, Sjálfsmorð“, *Þjóðviljinn* 12. október 1887, bls. 107. Sjá og dæmi frá 1894 á Akureyri: „Sjálfsmorð“, *Stefnir* 21. maí 1894, bls. 39.

⁹⁹ „Sjálfsmorð“, *Ísafold* 17. ágúst 1889, bls. 264.

ekki átt við um Ólaf í Svefneyjum. Þar sem svo háttaði til má ætla að reynt hafi verið að hlúa að dauðvona fólki í stofu eða svipuðu rými þar sem því var til að dreifa. Stofur voru víðast í frambæjum og víða án ofna. Þær hafa því ekki alltaf verið ákjósanleg sjúkrarými, a.m.k. ekki yfir kaldasta tíma ársins. Ugglaust lágu hin deyjandi því oftast í baðstofu innanum annað fólk og stundum alveg vanda-laust. Umönnun hefur að langmestu leyti verið í höndum kvenna á viðkomandi bæjum nema þegar vakað var yfir sjúklingum en karlar tóku þátt í því. Sum fengu sálusorgun og náðu að iðrast, sem getur hafa skipt máli við meðferð líksins og jafnvel ráðið því hvort eftirláttnar eignir runnu til konungs eða erfingja.¹⁰⁰ Hvort tveggja hefur skipt eftirlifendur máli. Læknishjálp var oftast takmörkuð og ráð til verkjastillinga lítil ef nokkur. Hvernig sem þessu annars var háttað hefur ástandið reynt á allt heimilisfólkið á bæjunum og atburðurinn hvílt líkt og mara yfir heimilinu lengi á eftir. Það var vissulega fremur regla en undantekning að fólk dó utan stofnana á nítjándu öld. Þá er vert að geta allra þeirra sem komust skaðkalin eftir hrakninga að tilfallandi bæ og dóu þar eftir lengri eða skemmri legu, sem og þeirra sem veiktust eða slösuðust á ferðalögum.¹⁰¹ Fjölmargt fólk í sveitasamfélagi fyrri alda lést þannig inni á ókunnugum, var grafið við næstu sóknarkirkju fjarri heimilum sínum og fréttir af andláti þess barst þangað seint og síðar meir. Hér hefur þó verið ólíku saman að jafna. Fólk hefur væntanlega upplifað það jákvætt að geta hlúð að illa leiknu ferðafólki. Ætla má að hitt hafi vakið öðruvísi tilfinningar að horfa upp á manneskju heyja dauðastríð í misjöfnu líkamlegu og andlegu ástandi eftir að hafa unnið sér mein.

Eftir andlátið

Umönnun um hin deyjandi lauk ekki á dauðastundinni heldur var eldgömul venja að vaka yfir líkum fyrstu næturnar. Í mörgum tilvikum var vakað þrjár fyrstu næturnar eða jafnvel þar til smíðað hafði verið utanum líkið og það verið kistulagt. Var þetta gert af trúarlegum ástæðum en ekki síður veraldlegum. Í sumum tilvikum skipti máli að fylgjast vel með hvort einhver lífsmörk kæmu fram hjá hinu látna en mörgum stóð mikill ótti af að fólk yrði kviksett. Því var vakað við ljós meðan myrkt var enda hefði annað líklega verið ofraun þeim sem vöktu.¹⁰²

Athyglisvert er að vakað var yfir uppgjafarþóndanum á Hofi í Flateyjarðal fyrstu nóttina og var líkið þá haft í rúmi hins látna í baðstofunni. Hefur þó hátt í sólarhringur verið liðinn frá því hann gaf upp öndina.¹⁰³ Venja var þó að bera lík brott nokkrum klukkustundum eftir andlátið og leggja þau til í skemmu eða öðru úthýsi sem ekki var dvalið í að öðru leyti. Því var líkvakan einnig mikilvæg

¹⁰⁰ *Christian Den Femtis Danske Lov* (gr. 6, 6, 21), sótt 3. desember 2024 af <https://bjoerna.dk/DL-1683-internet.pdf>.

¹⁰¹ *Íslenskar þjóðsögur 1* (3. útg.), Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar, Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1978, bls. 218–219, hér 218.

¹⁰² ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð]; Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsavinni*, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 376–380.

¹⁰³ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–31. — Um annað tilvik sjá: ÞÍ. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Sauðárkróki. GA/7-3. Dóma- og þingbók 1865–1869, bls. 64r–65r. Hugsanlega hafa ekki verið liðnar sex klukkustundir frá líkfundinum en fyrir þann tíma mátti ekki leggja fólk til í útihúsum.

til að dýr kæmust ekki að líkinu.¹⁰⁴ Þá var vakað eina nótt í líkhúsi spítalans á Akureyri yfir líki karls sem hafði hengt sig þar í kaupstaðnum.¹⁰⁵ Líkvaka yfir þeim sem réðu sér bana hvarf því ekki með öllu þótt dauðinn að þessu leyti tengdist sérhæfðu, stofnunarlegu umhverfi.

Sérstakt er að ekki var vakað yfir Ólafi vinnumanni í Svefneyjum, sem sagt hefur verið frá, heldur látið nægja að fylgjast með honum af og til um daginn uns gengið var til náða kvöldið eftir að hann hafði skorið sig á háls og síðan aftur morguninn eftir. Heyrðist þó lengst af í honum snörl sem líklega hefur þurft góðan vilja til að túlka öðruvísi en sem lífsmark. Því er við þetta að bæta að lækni sem skoðaði líkið taldi áverkann ekki ótvírætt lífsógnandi ef hjálpar hans hefði verið leitað þegar í stað en þess hafði vissulega ekki verið kostur sökum veðurs og fjarlægðar.¹⁰⁶ Í réttarhöldum sem fram fóru í kjölfar sjálfsvígsins sýndi húsbóndi Ólafs heitins, Eyjólfur Einarsson (1784–1865) dannebrogsmaður og hreppstjóri, mikinn móþróa en bar loks að heimafolk hefði ekki fengist til að vaka yfir mannum og að tveir vinnumenn sínir hefðu auk þess átt að vakta fé um nóttina. Svipað bar sonur hans, Hafliði (1821–1894), sem stóð fyrir öðru búi í eyjunum. Hann kvað mikla hræðslu hafa verið í fólkinu og mundu fáir eða enginn hafa fengist til að vaka.¹⁰⁷ Samkvæmt manntali 1855 voru sex vinnumenn á aldrinum 14 til 30 ára á heimili Eyjólfss. Tveir voru að vísu unglingar og annar þeirra sonur hins látna. Eðlilegt hefði verið að hlífa þeim við líkvökunni. Yfirvaldið benti þó á að þeir hefðu getað vaktað féð í stað vinnumanna eða með öðrum þeirra og hinn þá vakað yfir líkinu. Þá voru fjórar vinnukonur á heimilinu á aldrinum 15 til 42 ára. Oft komu líkvökur einmitt í hlut vinnukvenna. Á heimili Hafliða voru fimm vinnumenn og jafn margar vinnukonur og voru þau 16 til 39 ára. Ærinn hópur hefur því verið til að skiptast á um að vaka. Í framburði Hafliða fyrir rétti kom fram að ekkert hefði verið rætt um að þessari skyldu, sem flestir vertu, yrði sinnt. Síðar lýstu tveir af vinnumönnum yfir að þeir hefðu vissulega vakað hefði þess verið óskað.¹⁰⁸ Hér hefur því verið um fyrirslátt einan að ræða. Lauk málinu enda svo að Eyjólfur var dæmdur til að greiða 25 ríkisdala sekt til fátækra sjóðs Flateyjarhrepps fyrir vítaverðan skort á aðhjúkrun og umönnun við Ólaf. Hafliði var á hinn bóginn sýknaður þar sem hann bar ekki húsbóndaskyldur við Ólaf.¹⁰⁹ Svo virðist sem hinir stöndugu fedgar í Svefneyjum hafi staðið sig mun verr í þessu efni en fólk á fámennum heimilum þar sem jafnvel þurfti að fá hjálp af öðrum bæjum til að vaka yfir líki.¹¹⁰ Líklegt er að þeir hefðu brugðist öðruvísi við hefði verið um fjölskyldumeðlim en ekki hjú að ræða.

¹⁰⁴ Frá 1895 var gengið út frá að líkin lægju lítt hreyfð í rúminu í a.m.k. sex stundir eftir dauðann en væru þá borin burt. *Stjórnartíðindi* 1895 B, bls. 71–74; Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 379.

¹⁰⁵ Þf. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri. GA/30-2. Dóma- og þingbók 1894–1898, bls. 120–124.

¹⁰⁶ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-1. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1852–1857, bls. 167r–185r (einkum 184v–185r).

¹⁰⁷ Móþrói E.E. var að hluta til sprottinn af deilum um hvort sýslumaðurinn ætti að víkja sæti. Sjálfur komst hann að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til þess. Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-1. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1852–1857, bls. 203r–207r (sjá einkum 204v), 217r–222v, 227r–231r.

¹⁰⁸ Þf. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu. GA/4-1. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1852–1857, bls. 203r–207r.

¹⁰⁹ Sama heimild, bls. 232v–242v.

¹¹⁰ Þf. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–24.

Feðgarnir í Svefneyjum voru mektar- og merkismenn en þarna er ómögulegt að horfa framhjá því að þeir hafi brugðist skyldum sínum. Nokkur blaðaskrif urðu um atvikið. Fljótlega eftir það kom fram í Þjóðólfi að sagnir væru á kreiki um að Ólafi, sem jafnvel hefði ekki verið með öllu allsgáður við réttarhöldin sem honum hafði verið stefnt til, hefði beinlínis verið þröngvað til að sverja eið að vitnisburði sínum jafnvel „[...] fremur eða á annan veg en lög standa til“ og þá af sýslumanni. Vonast var til að mögulegt yrði að bera þetta til baka eftir næstu pósthæð.¹¹¹ Í næsta tölublaði kom svo fram að Ólafur „[...] þóktist hafa vitnað og svarið rángt í máli í haust, þar til narraður af öðrum“ en hann ekki orðið fyrir óeðlilegum þrýstingi af hálfu yfirvaldsins.¹¹² Eyjólfur í Svefneyjum gerði síðar um veturinn grein fyrir sinni hlið málsins. Kemur þar fram hörð gagnrýni á framgöngu sýslumannsins, Jóns Thoroddsen (1819–1868) skálds. Hefði Ólafi í fyrstunni verið stefnt sem vitni með mjög losaralegum hætti en síðar formlegar á jólafoðstunni og hann þá sektaður fyrir vanrækslu í fyrri sinnið. Hefði þetta fallið honum þungt og hann kviðið réttarhaldinu m.a. vegna þess að hann þóttist fremur illa talandi. Hefði hann trúað tveimur mönnum þar í eyjunni fyrir því að hann hefði svarið rangan eið eða væri hræddur um að svo hefði verið. Hefði hann verið drukkinn og myndi ekki hvað hann hefði sagt en sýslumaður skipað sér að sverja. Eyjólfur lýsti síðan andláti Ólafs svo að hann hefði lifað „[...] með fullri rænu, daginn, nóttina og hér um bil til hádegis á nýársdag; hann deyði rólega, en það guð fyrir sér, meðan skildist mál hans.“¹¹³ Ólafur hafði því, að mati Eyjólfs, náð að iðrast. Þess vegna kvaðst hann hafa skrifað prófastinum í Flatey formlegt bréf þegar líkið var flutt til kirkju þar sem hann bæði óskaði og krafðist að Ólafur heitinn

[...] fengi alla lögboðna prestsþjónustu við jarðarförina, en frétti síðar, að eptir sýslumanns boði, hafi einasta verið kastað mold á kistu hans. En þar prófastur og fleiri menn vissu, að Ólafur heitinn hafði verið sinnisveikur, frá því hann sór eiðinn í Flatey, og dó sem iðrandi syndari; má hér um segja, eins og um fyr nefnda sekt Ólafs: „Svo eru lög, sem hafa tog.“¹¹⁴

Eyjólfur hefur sem sé ekki haft svo mikið við að vera viðstaddur útför vinnumanns sín til hátt í tveggja ára. Auk þess kom fram við réttarhöldin að ekki hafði Ólafur viljað segja húsbónda sínum hvað að sér amaði en trúað öðrum fyrir því. Breitt bil virðist því hafa verið milli húsbænda og hjúa í Svefneyjum. Líka virðist ljóst að tengsl séu milli þessara skrifa og mótþróa Eyjólfs við réttarhöldin. Óvíst er á hinn bóginn hvort afstaða hans hefur ráðist af aðgerðum sýslumannsins eða hvort óvildin í hans garð hafi verið eldri og eigi sér aðrar skýringar. Í öllu falli hefur hann viljað láta líta svo út að hann hafi staðið með Ólafi og þar með reynt að breiða yfir vanrækslu sína við aðhlynningu hans.

Þegar sjálfsvíg bar að varð að gæta ýmissa formsatriða áður en útför gat farið fram. Fyrst þurfti að tilkynna presti og/eða hreppstjóra um atvikið en samkvæmt kirkjuritúalnum frá 1685 var bannað að grafa lík ef ekki var vitað hvernig látið hafði borið að höndum og ekki væri ljóst að það hefði orðið af náttúruleg-

¹¹¹ „Innlendar fréttir, slisfarir [svo]“, *Þjóðólfi* 22. febrúar 1855, bls. 47.

¹¹² „Mannalát, slisfarir [svo] og aðrar fréttir“, *Þjóðólfi* 6. mars 1855, bls. 55.

¹¹³ E. Einarsson, „Rétt er bezt, en rángt er verst“, *Þjóðólfi* 15. ágúst 1855, bls. 117–118, hér 117.

¹¹⁴ Sama rit, bls. 117–118.

um ástæðum.¹¹⁵ Þeir áttu síðan að upplýsa sýslumann um atburðinn sem halda átti lögreglu- eða aukaréttarpróf í málinu. Helsta ástæða rannsóknarinnar var að útiloka að um saknæmt athæfi, morð eða manndráp, væri að ræða, hvort fólk sem kom að líkinu hefði á einhvern hátt brugðist skyldum sínum til lífgunar-tilrauna og hvernig ástand og aðstæður hlutaðeigandi hefðu verið.¹¹⁶ Fram til gildistöku hegningarlaganna frá 1869/1870 áttu sýslumenn einnig að skera úr um greftrun eða dysjun líksins, sem og hvernig skyldi fara með eigur hlutaðeigandi. Reynt var að koma prófunum á sem fyrst en veður, færð og annir sýslumanna gátu seinkað þeim.¹¹⁷ Þá varð stundum að sæta færðis með að hefja rannsókn ef um verulegar fjarlægðir var að ræða. Dæmi er um að sýslumaður hafi gripið tækifærið þegar menn úr afskekktum hluta umdæmisins komu í kaupstaðarferð og mögulegt var að kalla þá til að bera vitni.¹¹⁸ Í heimasýslum amtanna var reiknað með að þeir önnuðust rannsóknina. Hefur það hugsanlega skapað óvissu um framkvæmd og virðast embættismenn hafa verið nokkuð óruggir um umboð sitt í þessum efnum.¹¹⁹ Oft höfðu líka sýslumenn samráð við amtmenn um einstök mál.¹²⁰

Dæmi um slíkt samráð spratt af sjálfsvíginnu á Kambsmýrum í Flateyjarðalsheiði. Sýslumaður ráðfærði sig við amtmanninn á Möðruvöllum og þá einkum um hve hart skyldi ganga að vanfærri konu í yfirheyrslum um hvers vegna hún hefði ekki losað mágkonu sína úr „snörunni“ strax og hún kom á vettvang og hvort hún kynni að hafa brotið gegn reglugerðinni frá 1819.¹²¹ Hafði eiginmaður konunnar, og jafnvel aðstoðarprestur í sókninni, þegar farið fram á að gætt væri allrar varúðar í málinu enda væri fráleitt að konan hefði vitað af reglugerðinni og að hún væri í gildi hér á landi. Auk þess kvað presturinn blasa við að konan hefði gert það sem hún meгнаði til að líkna hinni látnu.¹²² Settur amtmaður krafðist ítarlegri rannsóknar og var konan sérstaklega kölluð fyrir rétt.¹²³

Árið 1880 var aukin rannsóknarskylda lögð á hreppstjóra sem nú áttu að senda skýrslu til sýslumanns um öll málsatvik þar sem fram kæmu nákvæmar persónuupplýsingar, þar á meðal hvort viðkomandi hefði verið kristinnar trúar, sem og hvenær atvikið hefði átt sér stað, með hverju móti viðkomandi hefði skaðað sig, „[...] hvað menn ætli, að hafi komið sjálfsbana til að fyrirfara sjer sjálfum“, hvort lífgunartilraunir hefðu verið viðhafðar þegar í stað eða hvort fólk hefði gert sig

¹¹⁵ „Danmarks og Norgis Kirke-Ritual“, *Danmarks og Norgis Kirke-Ritual*, [án útgáfustaðar]: Konvent for kirke og theologi, 1985, bls. 7–138, hér 114.

¹¹⁶ *Stjórnartíðindi* 1881 B, bls. 37.

¹¹⁷ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og Bæjarfógetinn á Húsavík. GA/4-3. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1838–1843 [ónúmeruð]; ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–24.

¹¹⁸ Sama stað.

¹¹⁹ Að afloknu réttarprófi út af hengingu gamals manns á Hofi í Flateyjarðal komst sýslumaður að þeirri niðurstöðu að komnar væru nægilegar upplýsingar til að „[...] háyfirvaldið [þ.e. amtmaður] geti ályktað um greftrunarmáta hins framliðna“. Amtmaður krafðist frekari rannsóknar. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 19–24. — Eins og á stóð hafði sýslumaður fullt umboð til að ákveða greftrunarmáta.

¹²⁰ Jón Espólín og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847* 4, bls. 21–22.

¹²¹ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/5-2. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1843–1861, bls. 5v–7r.

¹²² ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24-3. Bréf. Þorst. Pálsson aðstpr. Vöglum 8. mars 1843 til sýslumanns; ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/5-2. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1843–1861, bls. 5v–7r.

¹²³ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. B/24-4. Bréf. B.H. Borgen, settur amtmaður, til sýslumanns 25. mars 1843.

sekt um hirðuleysi og loks hvort einstaklingurinn sem í hlut átti hefði verið hneigður til ofdrykkju og hvenær hann þá hefði síðast sést ölvaður.¹²⁴

Hluti af réttarprófunum var formleg líkskoðun læknis ef mögulegt var. Oftast var þess þó lítill kostur og voru þá aðrir kvaddir til.¹²⁵ Líkskoðun gat þó líka farið fram utan réttarprófanna og þá stundum eftir að lík höfðu verið flutt til kirkju.¹²⁶ Fyrir kom að grafa þurfti lík upp til að unnt væri að gera fullnaðarskoðun á þeim.¹²⁷

Ekki hafa öll meint sjálfsvíg verið tilkynnt til sýslumanns.¹²⁸ Þannig atvik kom t.a.m. upp austur í Breiðdal þar sem húsfreyja ein skar sig á háls. Maður hennar kvaðst ekki hafa vitað að tilkynna þyrfti sýslumanni um atvikið. Hreppstjórinn hefði aftur á móti ráðlagt sér að leita til prófasts en prestlaust var þá í kallinu. Það hefði þó farist fyrir vegna sinnuleysis síns eftir atburðinn og ýmissa báginga enda hefði tíðarfar verið slæmt. Hann kvaðst hafa látið grafa líkið að Hofsteigi „[...] utan kirkjugarðs undir kirkjugarðsveggnum án þess prestur hafi við verið eða nokkur rítus hafi verið við hafður.“¹²⁹ Líkið virðist þó hafa verið borið í kirkju og þá væntanlega til geymslu. Við það tækifæri kvað hann „[...] að lítið eitt hafi verið hringt og einn sálmur sunginn meðan verið var að byrgja gröfina.“ Hafi hann í öllu þessu farið að ráðum hreppstjórans „[...] sem helsta manns sem viðstaddur var.“¹³⁰ Þess má geta að eins og heilsu konunnar var lýst við síðbúið réttarpróf eru allar líkur á að hún hefði fengið leg inni í garðinum og hugsanlega moldun hefði sýslumaður náð að úrskurða þar um. Þá gæti verið að sjálfsvígum hafi jafnvel verið leynt fyrir yfirvöldum til að komast hjá eftirmálum, a.m.k. meðan viðurlögin voru sem hörðust.¹³¹

Nokkurrar óreglu virðist líka hafa gætt hvað varðaði sjálfa rannsóknina á sjálfsvígum, sem og útför fólks eftir þau. Nokkur tilvik hafa fundist er lík höfðu verið grafin áður en réttarpróf höfðu verið haldin. Svo var um Sakarías Illugason sem fyrr var nefndur en hann fékk nokkuð virðulega útför með ræðu sem var alls ekki algilt um jarðarfarir um miðja nítjándu öld. Fátt benti þó til að hann ætti við alvarlegan geðrænan vanda að stríða. Jarðarförin hefði því átt að vera látlaus og einföld þótt Sakarías væri grafinn í kirkjugarði og hugsanlega hlotið moldun. Stóð hreppstjórinn að öllu leyti fyrir útförinni eftir fyrirmælum hins látna en auðvitað í samráði við sóknarprestinn sem annaðist athöfnina.¹³²

¹²⁴ *Sjórnartíðindi* 1880 B, bls. 65–86, hér 75. Um framkvæmd sjá: *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík*. B/63-1. Bréf Þ.Þ. á Daðastöðum til sýslumanns.

¹²⁵ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð].

¹²⁶ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík*. GA/4-3. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1838–1843 [ónúmeruð]; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandarsýslu* B/8-9. Bréf J. Jónsson 1. júní 1852 til sýslumanns; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík*. GA/6-1. Dóma- og þingbók 1852–1864, bls. 24–31; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*. GA/4-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1857–1863, [ónúmeruð].

¹²⁷ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 108; *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu*. EA1/1-3. Aukadómabók Borgarfjarðarsýslu 1842–1856, bls. 55r–55v.

¹²⁸ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 1, bls. 149.

¹²⁹ *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu*. GA/5-2. Dóma- og þingbók 1858–1865, bls. 25–27.

¹³⁰ Sama stað.

¹³¹ Pjetur Guðmundsson, *Annáll nítjándu aldar* 1, bls. 149.

¹³² *ÞÍ. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*. GA/3-2. Dóma- og þingbók Barðastrandarsýslu 1847–1852, bls. 70–108 (einkum 78, 88–90, 92).

Þá gat komið til ýmiss konar árekstra varðandi rannsókn á sjálfsvígum og greftrun þeirra sem réðu sér bana. Í byrjun ágúst 1826 fannst lík vinnukonu í útiskemmu á heimili mikilsvirts sveitarhöfðingja og umboðsmanns á Illugastöðum í Fnjóskadal. Var sóknarprestinum á Hálasi strax gert viðvart. Hann brýndi fyrir sendimanni að atvikið yrði tilkynnt sýslumanni þegar í stað en því var ekki sinnt fyrr en þremur dögum síðar og þá eftir útför hinnar látnu. Einnig sendi hann tvo nágrannabændur til að skoða líkið sem þeir virðast hafa gert fremur lauslega. Áður en sjálfsvígið hafði verið tilkynnt sýslumanni skyldi presturinn messa á Illugastöðum og kom við það tækifæri til snarpra deilna milli hans og bóndans. Hann lagði mjög að prestinum að segja til um legstað stúlkunnar og jarða hana strax. Kvaðst hann að öðrum kosti mundu dysja hana einhvers staðar á landareign sinni. Var bóndinn mjög ósáttur við að presturinn hefði ekki brugðist hraðar við þar sem óviðunandi væri að lík stæðu uppi lengur en nauðsynlegt væri yfir sumartímann.¹³³ Hafði þegar verið smíðuð óvönduð kista og líkið kistulagt og stóð þá hnífurinn sem stúlkan notaði enn í sárinu. Stafaði það ugglauast af því að formleg líkskoðun hafði ekki verið gerð. Var hún svo grafin í kirkjugarðinum „úti við kirkjugarðinn, austanvert við svokallað sáluhlið.“¹³⁴ Enginn kannaðist þó við sturlun eða geðveiki hjá hinni látnu.¹³⁵ Var það þó skilyrði fyrir greftrun í kirkjugarði á þessum tíma. Réttarpróf voru fyrst haldin í extra-/aukarétti á Illugastöðum tíu dögum síðar. Eftir það átti með réttu lagi að ákvarða um útfararmátann. Út af greftruninni varð því nokkur rekistefna. Sóknarprestinum hefur verið lýst svo að hann væri vel gefinn, starfsamur, búsaell, fjáraflamaður mikill og féfastur.¹³⁶ Hann átti þó sýnilega ekki í fullu tré við bændahöfðingjann á Illugastöðum.¹³⁷ Ekki einast lét hann undan þrýstingi um að grafa líkið án þess að hafa fullvissað sig um að látið hefði verið tilkynnt sýslumanni eða hann tilkynnt það sjálfur heldur gerði hann líka sáttargerð við bóndann og skuldbatt sig til að greiða bóndanum tuttugu ríkisdali til að komast hjá kæru vegna óviðurkvæmilegra ummæla sinna eða heimafélks síns vegna atburðarins.¹³⁸ Þá var presturinn í miklum vanda vegna reynsluleysis síns af sjálfsvígum en í bréfi til biskups ritaði hann:

¹³³ „Bréfagerðir um málið“, *Söguþáttur úr Fnjóskadal*, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Menn og minjar, Íslenzkur fróðleikur og skemmtun 7, Reykjavík: [án forlags], 1950, bls. 34–52, hér 43–44.

¹³⁴ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/03-2. Dóma- og þingbók 1818–1830, bls. 244–249. Skjöl um málið hafa verið gefin út. Sjá: „Réttarrannsókn“, *Söguþáttur úr Fnjóskadal*, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Menn og minjar, Íslenzkur fróðleikur og skemmtun 7, Reykjavík: [án forlags], 1950, bls. 22–33; „Bréfagerðir um málið“, bls. 34–52.

¹³⁵ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetinn á Húsavík. GA/03-2. Dóma- og þingbók 1818–1830, bls. 244–249; „Réttarrannsókn“, bls. 22–33; „Bréfagerðir um málið“, bls. 34–35.

¹³⁶ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár 4*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 208–209.

¹³⁷ Sama stað.

¹³⁸ „Bréfagerðir um málið“, bls. 48–49. — Vinnumaður prests hafði dylgjað um að sonur bóndans á Illugastöðum ætti sök á láti stúlkunnar.

Var þetta tilfelli það vafamál, sem aldrei hafði mætt mér, gjörði mig því að nokkru ráðviltan, hvernig ég skyldi haga mér með hennar jarðarför, þar engir sjónarvottar voru, sem vissu og bevisað gátu, hvernig nefndur áverki skeði, hvort af hennar eigin eða annarra völdum [...].¹³⁹

Til að koma í veg fyrir frekari ófrið sem af deilunum við bóndann kynnu að hljótaskast kvaðst hann hafa gert sig sekan um „[...] það bráðræði, að tilgreina henni legstað yzt við sáluhlíðsútganginn.“¹⁴⁰ Þetta hafi hann þó aðeins gert

[...] af sannri kærleiksviðkvæmni til þeirrar dauðu, — sem var mitt sóknarbarn, og ég vissi ekkert nema einfeltnis meinleysi hjá til dauðans, vissi ei heldur hverjum orsökum verkanirnar svörðuð, — kastaði ég mold á kistuna, og meðan fyllt var gröfin söng 2 iðrunarsálma: Vaknið upp kristnir etc. og Syndugi maður sjá að þér —, í hverju mér mun máskje hafa slegið feil, þar sem síðan við eftirgjörða eftirgrenslun af sýslumanni ekkert verður sannað, sem mótmæli því að hún hafi sjálf deytt sig.¹⁴¹

Presturinn kvaðst viss um að sýslumaður mundi samþykkja legstaðinn. Eftir á að hyggja væri hann þó efnis um hvort moldunin og yfirsöngurinn hefði verið réttmætur. Sálmana sagðist hann þó aðeins hafa sungið „nærstöddum til upp-
vakningar“.¹⁴²

Í bréfaskiptum sýslumanns í Þingeyjarsýslu, amtmanns á Möðruvöllum og biskups um dauða og greftrun stúlkunnar kom fram að þótt engar grunsemdir lægju fyrir um að aðrir hefðu veitt henni áverka en hún sjálf mætti ekki gagn-
álykta sem svo að sönnun lægi þá fyrir um sjálfsvíg.¹⁴³ Ályktun biskups í málinu var:

Af straxnefndum rannsóknargjörnings údrætti, sem og téðu síðara amtsbréfi, sést að engin yfirvalds ályktun hefir gjörzt um, hvort oftáminnst [NN] ætti leg utan eða innan kirkju, heldur er einasta tilgreint, að svo sem undir rannsókninni hafi ei fundizt nein líkindi til þess, að hún hafi lífið misst fyrir annara tilverknað, eins vanti nægilega júrídíska fullvissu fyrir því, að hún hafi það sjálf af sér tekið, hvar af flýtur, að hún má álitast eiga með réttu þá fengnu heiðarlegu greftrun innan kirkjugarðs.¹⁴⁴

Heiðarleg útför konunnar var því talin lögmæt af lögfræðilegum ástæðum. Þar sem presturinn hefði eigi að síður jarðað líkið áður en andlátið hafði verið réttilega tilkynnt og rannsakað skyldi hann greiða fimm ríkisdali í sekt sem renna átti til fátækra prestsekkna á Norðurlandi.¹⁴⁵

Samantekt

Eins og bæði fyrr og síðar áttu sjálfsvíg á níttjándu öld sér stað hvarvetna sem fólk dvaldi um lengri eða skemmri tíma, svo sem í verstöðvum, svo að eitthvað sé nefnt. Það kemur á hinn bóginn ekki á óvart að hið altæka sveitaheimili var vettvangur langflestra sjálfsvíga enda dvaldi fólk þar megnið af árinu, hvort sem um dagleg störf, félagsleg samskipti, andlega iðkun eða hvíld var að ræða. Dauð-

¹³⁹ „Bréfagerðir um málið“, bls. 42. — Þessi sami prestur átti eftir að fást við annað keimlíkt mál tæpum 20 árum síðar og var þá reynslunni ríkari. ÞÍ. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og Bæjarfógetinn á Húsavík. GA/4-3. Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1838–1843, [ónúmeruð].

¹⁴⁰ „Bréfagerðir um málið“, bls. 42. — Færa má rök að því að val legstaðarins hafi orkað tvímælis. Vissulega var legstaðurinn í útjaðri kirkjugarðsins, eins og lög gerðu ráð fyrir. Nálægð hans við sáluhlíðið hefur þó valdið því að gröfin blasti við öllum sem gengu til kirkju og var þar með á áberandi stað. Slíkt átti að fyrirbyggja. Sjá og: ÞÍ. Sýslumaðurinn á Húsavík. B/24-4. Bréf. S. Árnason til sýslumanns 20. mars 1843.

¹⁴¹ „Bréfagerðir um málið“, bls. 42 (sjá og: bls. 44).

¹⁴² Sama heimild, bls. 43–44.

¹⁴³ Sama heimild, bls. 40, 48, 52.

¹⁴⁴ Sama heimild, bls. 51–52.

¹⁴⁵ Sama stað.

inn, í mynd sjálfsvíga, var því alls staðar nálægur, líkt og lát vegna slysa eða sjúkdóma fyrir daga nútímalegrar lækniþjónustu.

Ekki kemur því á óvart að veruleiki sjálfsvíga á tímabilinu mótaðist af sveitaheimilinu og þeim aðstæðum sem það skapaði. Heimilislífið hefur víðast myndað þéttriðið net og valdið því að einstaklingbundið rými og persónulegt svigrúm var næsta takmarkað, jafnt að nóttu sem degi. Fólk gekk til verka sinna til hversdags sem mörg voru unnin í samvinnu við annað heimilisfólk eða a.m.k. innan um það. Þá deildi það almennt hvíldar- og svefnrými, jafnvel svo að tveir eða jafnvel fleiri deildu rúmi. Helst voru útiverk karla þess eðlis að þeim gafst svigrúm til að fara einförum og skapa sér einkarými á afviknum stöðum, t.d. í afhýsum eða útihúsum. Svigrúm kvenna við inniverk var takmarkaðra. Þó var íslenski torfbærinn, sem oft má líkja við heilt bæjarþorp, þess eðlis að þar mátti víða finna afvikna staði sem gáfu nægilegt svigrúm til að vinna sér mein. Langt var líka víða milli bæja og almennt fáförult nema þar sem alfaraleiðir lágu. Heimafólk átti því auðvelt með að finna staði sem voru vel fallnir til að fyrirfara sér á, ekki síst ef drekking varð fyrir valinu, en stutt var víðast til vatnsfalla eða sjávar. Þegar líkamlegt eða andlegt ástand fólks var með þeim hætti að það átti ekki auðvelt með að leita sér afdreps í afhýsum eða úti við greip það jafnvel á það ráð að fyrirfara sér í baðstofum eða á öðrum stöðum þar sem alltaf var hætt við að komið yrði að í ótíma.

Eins áttu sjálfsvíg sér stað hvenær sem var ársins og/eða sólarhringsins. Á nítiándu öld voru skil helgs tíma og rúmhelgs afdráttarlausari en gerist nú á dögum. Byggðust þau bæði á trúarmenningu samfélagsins og opinberum fyrir-mælum, svo sem helgidagalöggjöf og fyrirmælum um heimilisguðrækni. Helgi tímans setti ekki aðeins störfum fólks skörður heldur átti hún að móta allt atferli þess. Sterk bannhelgi hvíldi því yfir hinum helga tíma. Hátíðir kirkjuársins voru hvað helgastar í huga fólks. Það kom þó ekki í veg fyrir að fólk réði sér bana á stórhátíðisdögum. Mikil helgi hvíldi einnig yfir húslestrinum, skyldubundinni trúariðkun heimilismanna dag hvern yfir veturinn. Þó kom fyrir að fólk, a.m.k. það sem ekki var auðvelt að beita eiginlegum húsaga, gekk út undir lestrinum og fór sér að voða. Þá var nóttin það sem kalla má „veraldlega, heilagan“ tíma. Eftir að bænum hafði verið lokað, kvöldbænum lokið, ljós slökkt og fólk gengið til náða átti heimilisfólkið, sem flest deildi svefnrými með öðrum, að liggja kyrrt í rúmunum sínum. Það kom þó ekki í veg fyrir að sjálfsvíg í skjóli nætur voru langt frá því óþekkt. Helgi tímans og það atferli sem hún hafði í för með sér hefur því haft tvíþent áhrif: Henni var ætlað að sameina fólk í trúariðkun og/eða hvíld sem ekki mátti rjúfa og síst með voðaverki. Jafnframt skapaði hún fólki sem á annað borð bauð henni byrginn einstakt tækifæri til að fara sínu fram. Þetta sýnir hversu algilt máltækið „nauðsyn brýtur lög“ er. — Það gerði nauðsyn sjálfsvígsins líka.

Þrátt fyrir návígið sem ríkti á flestum sveitaheimilum er ljóst að fólki tókst oft að dylja fyrir öðrum örvæntingu sína, vanda eða veikindi sem leiddu til sjálfsvíga. Þannig fannst fólk í andarslitrum eða nýlátið af eigin völdum án þess að nokkrar grunsemdir hefðu vaknað um hvað framundan var. Stundum lukust þó augu heimilisfólksins upp eftir á um að einhvers konar vandi hefði verið tekinn að grafa um sig. Þó var líka til að gætur væru hafðar á fólki sem vissulega bjó við

meira svigrúm en almennt tíðkaðist ef háttarlag þess þótti grunsamlega líkt og þegar Sakarías Illugason tók upp á því að fara einförum frá Hjöllum í Gufudals-sókn. Þar verður þó að gæta varúðar vegna þess að líklegt er að heimilisfólkið hafi viljað draga úr hugsanlegri ábyrgð sinni á því sem gerst hafði. Minnir það á þá varúð sem gæta verður við túlkun þeirra heimilda þar sem skýrt er frá sjálfsvígum.

Aðferðirnar sem fólk valdi sér til að stytta sér aldur réðust mjög af umhverfi sveitaheimilanna þótt fleiri atriði hafi vissulega haft mikla þýðingu í því sambandi, svo sem kyn, persónuleiki, skapgerð og heilsufarslegt ástand. Langflest bundu enda á líf sitt með því að drekkja sér. Þar á eftir kom hænging og svo skurðir og stungur með eggjárn, oft sláttuljá. Af skurðum var algengast að fólk skæri sig á háls. Hér er það rakið til þess að öllum hefur verið kunn aflífun af þessu tagi en þannig var sauðfé almennt slátrað. Tíu af hundraði, og allt karlar, skutu sig til bana en eiturinntaka var svo til óþekkt.

Ljóst er að flest sjálfsvíg hafa verið venjulegum sveitaheimilum langt um megn og algengt var að aðstoðar væri leitað til næstu bæja. Einkum voru aðstæðurnar átakanlegar þegar fólk hafði hengt sig eða skorið/stungið. Slíkt krafðist beinnar íhlutunar sem útheimti bæði andlegt og líkamlegt atgervi, eins og þegar skera þurfti lík úr snöru. Virðist þá raunar litlu hafa skipt hvort karlar voru nærri eða ekki. Ótti og óhugur hefur lagst yfir heimilislífið um lengri eða skemmri tíma, auk þeirrar sorgar sem ætíð fylgir mannslátum. Þá fylgdi sjálfsvígum stundum langvarandi dauðastríð sem staðið gat dögum saman og hlýtur að hafa haft mikil áhrif á heimilislífið, hvort sem heimafolk eða aðvífandi átti í hlut, en hin deyjandi hafa líklega oft þurft að bíða dauða síns innan um annað fólk. Lítið var mögulegt að gera til að lina þrautir hinna deyjandi og fá úrræði til staðar til að afstýra dauða þeirra. Þó tókst stundum að græða sár þeirra sem höfðu skorið sig eða stungið. Er athyglisvert framlag Jóseps Skaftasonar læknis á Hnausum í Húnavatnssýslu á því sviði.

Þegar beinustu áskorunum í kjölfar sjálfsvígs lauk tók krefjandi eftirleikur við sem staðið gat vikum og jafnvel mánuðum saman. Vaka þurfti yfir hinu látnu í fleiri eða færri nætur eftir atvikum, í mörgum tilvikum þar til lík höfðu verið kistulögð og flutt að kirkjustað. Þá tók við opinber rannsókn á atburðinum sem reynt gat á heimafolk, ekki síst ef athyglin beindist að því hvort það hafi örugglega gert skyldu sína gagnvart hinu látna eða ekki. Vitnaleiðslurnar leiddu oft til svardaga þar sem fólk þurfti að vinna eið að framburði sínum með þremur fingrum upplyftum til Guðs. Hefði einhver misbrestur orðið á rannsókn máls áður en lík var jarðað var ekki einsdæmi að grafa þyrfti kistur upp og slá þær opnar til vandlegrar líkskoðunar. Vissulega hlýtur að hafa reynt á að standa að slíku þótt það kæmi ekki í hlut þeirra sem næst stóðu.

Í flestum tilvikum hefur fólk líklega gert sér far um að gæta skyldu sinnar gagnvart þeim sem ráðið höfðu sér bana. Á því hafa þó verið undantekningar. Hér hefur sérstaklega verið dregið fram dæmi um áberandi vanrækslu sem átti sér stað á stórbýli vestur í Breiðafjarðareyjum. Bendir það tilvik til að félagsstaða hinna látnu geti hafa haft veruleg áhrif á hvernig brugðist var við sjálfsvígum.